


MOSFELLINGUR

7. tbl. 5. árg. föstudagur 19. maí 2006. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, Kjalarnesi og Kjós.



FÓLK Í FRAMBOÐI



Hvað kjóst þú?



EIGN VIKUNNAR



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Klapparhlíð

3ja herb.

Þjört og vel skipulögð íbúð á 2. hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli á vestursvæði Mosfellsbæjar
Verð kr. 19.9m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ

586 8080

www.fastmos.is

Sjá nánar
á bls. 3



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



Munkabrauð er gerlaust brauð
með haframjöl og heilum sólkjörnum

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

JÓNS B. ehf
Flugumýri 2 Mosfellsbæ.

Símar: 566-7660 og 697-7685.

Fax: 566-8685.

Netfang: jonrett@internet.is



Þjónustuverkstæði.

Þjónustuverkstæði í fyrirtæki. Útvegið bókun.

Car-o-tronic tilvæðing



Úrslitaleikurinn í Mosó 27. maí


Tvennt er það sem er á fjögurra ára fresti, það eru kosningar og heimsmeistarakeppnin í fótbolta. Viðburðir sem erfitt er að láta fram hjá sér fara. Þar eru meistarar krýndir til næstu fjögurra ára. Að miklu er að keppa og allt er lagt í sölurnar. Skelfilegt er að horfa uppá þegar menn meiðast rétt fyrir átökin og þurfa jafnvel að fylgjast með úr „stúkunni“. Á mínum knattspyrnuferli hef ég sjálfur lent í átökum og þurft að yfirgefa vígvöllinn á ögur-stundu. Erfitt getur verið að standa algjörlega gagnlaus á hliðarlínunni. Ég hvet því alla sem vettlingi geta valdið að hafa áhrif á úrslitin þann 27. maí því allir bæjarbúar eru hluti



af leiknum. Ekki er um einstaklingsþrótt að ræða, heldur samhentan hóp sem vinnur vel saman að takmarki sínu. Hópurinn er gjarnan hristur vel saman með æfingabúðum og

öðru tilheyrandi. Andstæðingurinn er oftast en ekki kortlagður og þjálfararnir fara yfir styrk- og veikleika liðanna. Liðin geyma oft fram á

LEIÐARI



síðustu stundu að tilkynna leikmenn og taktík sem leikin verður. Sumir leggja upp með harðar tæklíngar og grófan leik meðan aðrir leika með hjartanu og spila samba-bolta. Til að mynda finnst mér unun að horfa á

Brasilíumennina dansa á vellinum, skemmta sjálfum sér og öðrum og ávallt með leikgleðina í fyrirrími.

Hvetjum okkar lið og höfum áhrif. Skiljum sátt að leik loknum og berum virðingu fyrir andstæðingnum. Í fótbolta er oftast um einn sigurveg-ara að ræða. En í kosningum er það svo skemmtilegt að sama hvernig kosningarnar fara, vilja oftast flestir telja sig sigurvegara.

*Fair play
Allir á völlum*

Hilmar Gunnarsson
ritsjóri



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar hraðbrautir, tengibrautir og mislæg gatnamót í Mosfells-sveit hljómaði eins og brandari úr öðru sólkerfi. Þá var eini almenni-legi akvegurinn ekta sveitavegur sem hefði varla verið lagður svo snemma ef ekki hefði verið fyrir herinn. Á myndinni, sem tekin er 1941-2, er umhverfi Varmár þéttsetið braggahverfum með þúsundum hermanna. Horft er upp með ánni, yfir Álafosshverfið í áttina að Reykjum sem er efst til vinstri á myndinni. Herbúð-irnar voru nefndar kampar og á myndinni má meðal annars sjá Camp Lumley lengst til hægri hjá Brúarlandi en einnig Camp Whitehorse norðan við Álafoss og loks Camp Lampton Park skammt frá Reykjum.

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvegi 18, s. 694-6426 og 897-7664.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Ritstjórn: Hilmar Gunnarsson,
Karl Tómasson og Ágúst B. Linn.
Blaðamenn og pistlahöfundar:
Ásgeir Jónsson, Friðrik G. Olgeirsson,
Hanna Símonardóttir, Högni Snær
Hauksson, Kara Hergils Valdimarsdóttir,
Þrándur Gíslason og Örn Franzson
Umbrot og hönnun:
Mosfellingur ehf.
Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir
Prentun: Prentmet, prentað í 3000
eintökum og dreift frítt inn á öll
heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ,
Kjalarnes og Kjós.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á tveggja til þriggja
vikna fresti allt árið um kring.**

Ferming og kirkjureið



Saga Guðmundsdóttir var fermd í Mosfellskirkju þann 14.maí. Farin var kirkjureið upp í Mosfellsdal og Saga staðfesti þar trú sína. Eftir ferminguna riðu svo Saga og veislugestir niður í Harðarbol þar sem boðið var upp á veitingar. Saga var skírð við sama tilefni á sínum tíma. Um 70 manns tóku þátt í reiðinni.





Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ

Sími: 586 8080
www.fastmos.is



Einar Páll
Löggiltur fasteignasali



Hildur



Lina



Arnarhöfði – 189,7 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ 189,7 m2 endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Arnarhöfða í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er stór stofa, eldhús með fall-egri viðarinnréttingu, borðstofa, svefnherbergi, forstofa og gestasalerni. Á 2. hæðinni eru tvö stór svefnherbergi og möguleiki á 2 öðrum svefnherbergju, þvottahús og baðherbergi. Stór suðvesturgarður og svalir í suðvestur með miklu útsýni. Þetta raðhús er á flottum stað í Höfðahverfinu, stutt er á golfvöl-
lin og leikskóli, grunnskóli og sundlaug (í byggingu) eru í göngufjarlægð.

Verð kr. 41,9 m.



Furubýggð – 166,3 m2 endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá stórt og rúmgott endaraðhús á tveimur hæðum auk risherbergis og bílskúrs. Stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og gestasalerni á jarðhæð, 3 svefnherbergi, baðherbergi og TV-hol á 2. hæð og stórt risherbergi. Stórar svalir í suðaustur, afgirt timburverönd út frá stofu og stórt hellulagt bílapan. Þetta er falleg eign í grónu og friðsælu hverfi í Mosfellsbæ.

Verð kr. 39,3 m.



Lágholt – 165,8 m2 einbýlishús með bílskúr

Erum með 128,6 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 37,2 m2 bílskúr á góðum stað í hjarta Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og stórt þvottahús. Húsið er byggt 1968 og þarfnast endurbóta. Skóli, íþróttastað og stundlaug rétt hjá sem og miðbær Mosfellsbæjar.

Verð kr. 33,9 m.



Bjargartangi – sérhæð.

Björt og vel skipulögð 152,2 m2 neðri sérhæð með möguleika á 50 m2 bílskúr, með sér aðkomu á góðum stað í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari, sér þvottahús, stór geymsla, lokað eldhús m/borðkrók, sjónvarpshol, borðstofa og stofa með arni. Sér garður út frá stofu og stór sameiginleg lóð. Bílastæði hellulagt og aðkoma frá Álfatanga.

Verð kr. 34,9 m.



Bjargslundur – NÝTT 207 m2 einbýlishús

Erum með mjög fallegt einbýlishús í byggingu í útjaðri byggðar í Mosfellsbæ. Húsið er einnar hæðar timburhús með innbyggðum bílskúr og afhendist TILBÚÐ TIL INNRETTINGA í júlí nk. Þetta er vel skipulagt og sjarmerandi hús sem stendur á 882,2 m2 eignalóð á fallegum stað, rétt við Varmá og Reyki.

Verð kr. 45,9 m.



Tröllateigur – 167,1 m2 endaraðhús

167,1 m2 endaraðhús á tveimur hæðum í nýbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Á jarðhæð eru stofa, borðstofa, eldhús, gestasalerni og bílskúr, en á 2. hæð eru 3 góð svefnherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og stórt baðherbergi. Flísar og bambusparket á gólf og fallegar innréttingar í eldhúsi og baði. Áhvilandi kr. 27,0 milljónir með 4,15-4,2% vöxtum

Verð kr. 41,5 m

www.fastmos.is

Skítapólitík í Mosfellsfréttum

Í síðasta tölublaði Mosfellsfrétta er í nafnlausri grein veist að æru okkar húseiganda og leigusamningshafa á jörðunum kringum Hulduhóla - Hamrafelli og Lágahlíð og látið að því liggja að við séum þiggjendur pólitískrar fyrirgreiðslu og ívilunar af hálfu bæjarstjórnar Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ í sambandi við skipulagningu lóða á svæðinu. Ástæðan er sjálfsgat sú að reyna að koma höggi á formann bæjarráðs - Harald Sverrisson, son minn, sem býr á svæðinu og gera störf hans fyrir bæjarfélagið tortryggileg svona rétt fyrir kosningar.



jarðanna en höldum hvert fyrir sig 3 - 4 hektörum í kringum hús okkar á lóðarleigusamningum til 75 ára. Í milligreiðslu fengum við byggingarrétt á einu húsi á svæðinu og tvær skipulagðar lóðir sem við gátum selt - en á þeim árum fékkst ekkert sambærilegt verð fyrir lóðir á þessu svæði og nú fæst, svo að ætla mætti að bæjarfélagið hafi gert mjög hagstæðan samning við okkur fyrir sína hönd. (Í áður nefndri grein er einmitt hnytt í bæjarstjórn Sjálfstæðisflokksins fyrir lélegan samning.) Samningar við aðra landeigendur á svæðinu voru á svipuðum nótum.

Síðan stendur orðrétt í áður nefndri nafnlausri grein:

Núverandi meirihluti sjálfstæðismanna í Mosfellsbæ samdi síðan við leiguhafa í vetur um að þeir mættu skipuleggja lóðir á landinu og selja.

Sannleikurinn er sá að ákvörðunin um þéttingu byggðar á fyrrnefndum jörðum var tekin í tíð vinstri stjórnar í Mosfellsbæ þar sem framsóknarmenn voru í forystu byggingarnefndar. Endanlegt deiliskipulag var síðan unnið á vegum Mosfellsbæjar og skipting lóða á svæðið og staðsetning gerð með samkomulagi lóðarleiguhafa og bæjarins.

Sjálfsgat má velta fyrir sé þeirri spurningu hvort eignarréttur eða annar réttur til lands sé siðlegur en í reglum þjóðfélags okkar er hann virtur eins og við vitum.

Réttur okkar leigusamningshafa til lands okkar er ekki ósvipaður rétti eiganda eignarlóða til landsins og er því út í hött hjá Mosfellsfréttum að hneykslast á því þótt sum okkar hafi selt lóða- og byggingarréttinn til aðila sem vilja borga fyrir hann.

Ef Mosfellsbær hefði viljað leysa þessar jarðir til sín með eignarnámi er óvíst að það hefði orðið fjárhagslega hagstæðara fyrir bæinn en það er með þessu fyrirkomulagi.

Svo vil ég minna aðstandendur Mosfellsfrétta á það að þótt það finnist einn yfirlýstur sjálfstæðismaður á svæðinu Lágahlíð - Hulduhólar - Hamrafell, og bæjarstjórinn búi í landi Leirvogstungu, eru stærðarinnar svæði í uppbyggingu í Mosfellsbæ og jarðir hafa verið seldar dýrum dómum þar sem meðal eigenda finnst varla nokkur sjálfstæðismaður en því fleiri framsóknarmenn hafa verið þar á rölti gegnum tíðina. En slíkt er víst ekki hneykslunarefni Mosfellsfrétta.

Skítapólitík er ekki falllegt orð en svona ærumeiðandi grein eins og þessari nafnlausu í Mosfellsfréttum get ég ekki gefið annað nafn - Pólitík sem kemur óorði á stjórnmálin.

Að lokum ætla ég að leyfa mér að vona að það séu eingöngu framsóknarmenn sem muni sjá ofsjónum yfir því að ég verði ekki bónbjargarmanneskja í ellinni og geti stundað mína myndlist meðan heilsan leyfir án þess að vera eingöngu háð sölu verka.

Hulduhólum 5. maí 2006
Steinnunn Marteinsdóttir



Varmárskóli hlýtur viðurkenningu

Jafnréttisviðurkenning Mosfellsbæjar 2005 var veitt í fyrsta skiptið og kom það í hlut Varmárskóla að hljóta þessa viðurkenningu. Hana hlýtur skólinn fyrir metnaðarfulla jafnréttisáætlun og framgang hennar í skólasterfinu. Gjöfugt og gott starf er unnið innan veggja skólans og er hann fullkomlega verðugur þessarar viðurkenningar.



Latibær heimsóttur

Nemendur í 9. bekk í Lágafellsskóla fóru í heimsókn í upptökuveru Latabæjar nú á dögum. Upptökuveruð þótti afar spennandi og vel var tekið á móti börnunum. Ferðin þótti takast vel og voru börnin hugfangin af þessum áhugaverða heimi Latabæjar. Aðstandendur Latabæjar voru mjög hrifnir af nemendunum sem eiga hrós skilið fyrir góða framkomu.



Sumarhátíð kirkjunnar

Sunnudaginn 7. maí var haldin sumarhátíð barna- og æskulýðsstarfs kirkjunnar. Farið var í leiki og pylsur voru grillaðar við Lágafellskirkju. Eftir leiki og grill var stutt söng- og bænastund. Öflugt starf kirkjunnar hefur verið í vetur og þar á meðal er sunnudagaskólinn sem hefur verið í Lágafellskirkju í vetur. Hátíðin markaði lok vetrar og hefst starfssemin aftur í vetur.

Grunnskólar bæjarins - framtíðaráform

Í dag eru tveir grunnskólar í Mosfellsbæ og augljóst er að þörf er á fleirum enda er fyrirjáanleg mikil fjölgun íbúa hér í bænum á næstu árum. Í landi Helgafells mun rísa heilstæður grunnskóli sem auk barna úr væntanlegri byggð í Helgafellslandi á að geta tekið við börnum úr Ása- og Landahverfinu. Í landi Leirvogstungu er áætlað að byggja skóladeild einungis fyrir börn í 1-4. bekk, og skv. tillögu Sjálfstæðismanna á einnig að byggja álíka deild í hinu nýja Kriahverfi. Áform eru síðan um skóla í landi Blíkastaða og á aðalskipulagi bæjarins er gert ráð fyrir skóla í landi Sólvalla.

B-listinn í Mosfellsbæ telur æskilegt að börn gangi í sama hverfis-skóla alla sína grunnskólatíð. Mikilvægi þessa má ekki síst sjá í ljósi þeirra þjóðfélagsaðstæðna sem við búum við í dag en þær einkennast m.a. af miklum hraða, áreysi og breytingum.

Sjálfstæðismenn telja að heppilegt sé að hefja byggingu á skóla fyrir börn

í 1-4. bekk í Kriahverfinu og mun sá skóli þjóna því hverfi, sem og að vera valkostur fyrir börn úr öðrum hverfum. Að 4. bekk loknum eiga börnin að færast úr skólanum í Kriahverfinu yfir í yngri deild Varmárskóla, sem yrði þá skóli barnanna næstu 2 árin. Ekki nóg með það, að þessum tveimur árum loknum eiga þau enn og aftur að færast úr einum skólanum í annan en þá fara þau í eldri deild Varmárskóla sem er í húsnæði aðskild frá Varmárskóla yngri deild. Börnin hafa því á grunnskólagöngu sinni verið 4 ár í Kriaskólanum, 2 ár í yngri deild Varmárskóla og loks 4 ár í eldri deild Varmárskóla, hafa samsagt skipt um skólaumhverfi þrisvar sinum með öllu því umröti sem því fylgir fyrir börnin sjálf og foreldra þeirra. Þetta telur B-listinn ekki heppilegt né heldur það að foreldrar barna er búa t.d. í Byggðunum þurfi að keyra framhjá skólanum í Kriahverfinu í annan skóla þ.e. Varmárskóla. Þessi ráðstöfun eykur einungis á óþarfa umferð foreldra

með börn í skóla, svo ekki sé minnst á umrötið fyrir börnin sjálf.

Stefna B-listans í þessa ákveðna máli er skýr. Við teljum að í stað þess að byggja skóladeildir 1-4. bekkjar í Kriahverfi, eigi að hefjast nú þegar handa við uppbyggingu skóla í áföngum í landi Sólvalla eða Teiga. Skóli þessi yrði heilstæður skóli sem taka myndi við öllum börnum er búa í Kriahverfi, Teigahverfi, auk íbúðasvæðinu austan Reykjalundar og sunnan Varmár sem og framtíðarbyggð í landi Sólvalla. Með þessu móti væri verið að byggja heilstæðann hverfaskóla. Börnin þyrftu þannig ekki að fara yfir Vesturlandsveginn, þau myndu flest öll geta gengið eða hjólað í þennan nýja skóla. Það húsnæði sem mun losna í Varmárskóla við þessa ráðstöfun væri t.d. hægt að nýta sem skólasel, fyrir betra eldhúsi og sem stofur fyrir tónlistarkennslu svo ekki sé minnst á að einnig væri hægt að fá enn betri aðstöðu fyrir 5 ára deildina í Varmárskóla.



Helga Jóhannesdóttir
Skipar 2. sæti B-listans í komandi sveitarstjórnarkosningum



Jónas



Hanna Bjartmars



Anna Sigríður



Baldur Ingi



Óskar Ingi



Gerður

Sameiginlegur framboðsfundur í Hlégarði



Miðvikudaginn 24. maí kl. 20.00



FULLTRÚAR ALLRA FLOKKA SEM BJÓÐA FRAM TIL BÆJARSTJÓRNAR SITJA FYRIR SVÖRUM.



Mosfellingar hvattir til að mæta!



Opnum virka daga kl 7:00



SJÁLFSTÆDISFLOKKURINN

ÁRANGUR, ÁBYRGÐ, LÍFSGÆÐI



Bæjarpólitíkin rædd í sjónvarpinu

Mosfellsbær hefur fengið athygli sjónvarpsstöðvanna uppá síðkastið. Umræðubáttur um bæjarmálin og komandi kosningar var haldinn á fréttastöðinni NFS þann 10. maí. Leiðtogar flokkanna mættu í upptökuver NFS og ræddu um stöðuna í bænum og komu sínum stefnumálum á framfæri. Hægt er að sjá þáttinn á vefnum á slóðinni vefvisir.is. Umfjöllun um bæinn var einnig í Kastljósinu þann 11. maí, hægt er að sjá það á ruv.is.



Börn í Lágafells-skóla fá glaðning

Börn í 1. bekk í Lágafellsskóla fengu óvæntan glaðning frá Kiwanismönnum í Mosfellsbæ 5. maí síðastliðinn. Kiwanismenn færðu öllum börnunum í 1. bekk reiðhjólahljáma að gjöf. Við sama tækifæri fræddi hjúkrunarfræðingur skólans, Vigdís Steinþórsdóttir, börnin um nauðsyn þess að nota hjálminn rétt og hversu mikilvægur hann er fyrir öryggi barnanna.



Fartölvuver í Varmárskóla

Nýtt fartölvuver hefur verið tekið í notkun hjá eldri deild Varmárskóla. Þar eru tólf tölvur sem eru bæði tengdar innra og ytra neti skólans. Kennarar panta aðgang að verinu og geta farið með það í kennslutíma í stofum sínum. Þessi viðbót á eftir að nýtast afar vel þar sem tölvuverið sem fyrir var, er ávallt fullbókað.

Aldraðir í Mosfellsbæ

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ófremdarástand ríkir í mállefnum aldraðra Íslendinga. Fólksins sem byggði upp það velferðarsamfélag sem við búum við í dag. Velferðarsamfélagið sem á nú í vök að verjast vegna siðurtekkinna árása ríkisstjórnarflokkanna á grunnstöðir þess. Gott dæmi um ógöngur þar sem ríkisstjórnin er búin að koma okkur í er svokallaður „fráflæðisvandi“ frá Landspítala. Þar liggja inni aldraðir Íslendingar sem eru í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými en komast hvergi því ríkisstjórnin stendur ekki sína pligt í málefnum aldraðra. Við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að meðalaldur þjóðarinnar er meðal þess hæsta sem þekktist í heiminum. Þannig mun öldruðum fjölga talsvert í framtíðinni og það mun þýða að enn meiri áherslu þarf að leggja á uppbyggingu þjónustu fyrir þann hóp, bæði heimaþjónustu og hjúkrunarheimilisþjónustu.

Hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ

Þörfin fyrir hjúkrunarheimili í

Mosfellsbæ er orðin brýn. Það eru einfaldlega grunnmannréttindi þegar þörfin knýr dyra að fá að dvelja á hjúkrunarheimili í heimabyggð. Í heimabyggð þar sem þú þekkir fólkið, fjöllin og fellin. Og það eru mannréttindi aðstandenda aldraðra að þeir séu ekki látnir dvelja svo fjarri heimabyggð að heimsóknir séu nánast ómögulegar.

Það hefur löngum verið haft á orði að það sé kostur fyrir einstök kjördæmi að eiga ráðherra úr eigin röðum. Nú ber svo við að ráðherra heilbrigðismála er þingmaður í Suðvesturkjördæmi. En ekkert gerist. Heilbrigðisráðherra hefur ekki einu sinni svarað fyrirspurn þingmanns kjördæmisins, Valdimars L. Friðrikssonar, frá 14. mars síðastliðnum um hvað líði umfjöllun í ráðuneytinu varðandi uppbyggingu hjúkrunarheimilis í bænum.

Sjálfstæðismenn hreykja sér mjög af væntanlegum öryggisbúðum í bænum. Þær íbúðir munu koma sér mjög vel en öryggisbúðir koma ekki í stað hjúkrunarheimilis.



Anna Sigríður Guðnadóttir

Skipar 3. sæti á lista Samfylkingarinnar

Heimaþjónusta

Samfylkingin leggur áherslu á að þjónustan við aldraða samborgara sé veitt á þeirra forsendum, á jafnræðisgrundvelli og að allir fái þá þjónustu sem þeir þurfa. Til að yfirsýn sé yfir þarfar einstaklinganna og tryggt sé að þeir fái alla þá þjónustu sem þeir þurfa er affarásælast að þjónustan sé á einni hendi, þ.e. á hendi sveitarfélagsins. Samfylkingin í Mosfellsbæ hefur á stefnuskrá sinni að heimaþjónustan verði gjaldfrjáls enda er það vitað að sé fólki gert kleift að búa á eigin heimili sem lengst þá sparast opinber útgjöld jafnframt því sem einstaklingarnir geta lengur hagað lífi sínu samkvæmt eigin forsendum og öðlast þannig meiri lífsgæði. Það er jafnaðarstefna.

Kraftur og hugmyndir

Nú hafa allir framboðslistar lagt fram stefnuskrár sínar fyrir komandi kosningar. Margt er þar á sömu bókina lært, til dæmis eru velferðarmál og skólamál ofarlega á baugi hjá öllum flokkunum. Um þau þarf ekki að deila, sumt er beinlínis bundið í lög, til dæmis skólalald.

Vinstri græn hafa þó sérstöðu að mörgu leyti og hjá þeim eru stefnumál sem fyrirfinnast ekki hjá hinum framboðunum. Hér skulu nefnd örfá dæmi:

- Fólkvangur á Mosfellsheiði.
- Sögusafn og upplýsingamiðstöð

ferðamála í Brúarlandi.

- Fríar skólamáltíðir.
- Skíða- og snjóþrettaaðstaða.
- Miðbæjartorg með grænum svæðum og útlistaverkum.
- Friðlýsing fossa og annarra náttúruverðmæta.
- Fiskirækt og stangveiði í stöðuvötnum sveitarinnar.
- Fastur starfskraftur verði ráðinn til að sinna Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

Efsti sæti V-listans skipar Karl Tómasson sem er löngu kunnur hér



Bjarki Bjarnason

Formaður Vinstri-grænna og skipar 5. sæti listans

í sveitarfélaginu fyrir hugmyndaauðgi, skipulagshæfileika og dugnað. Stjórnsmál snúast um hugmyndir og kraftinn til að fylgja þeim eftir. Vinstri græn hafa hvorttveggja.

X-V í vor

Sýndarmennska núverandi bæjarstjóra

Nýlega birtist í Varmánni, blaði sjálfstæðismanna, myndir af bæjarstjóranum afhenda oddvitum Framsóknar, Samfylkingar og Vinstri grænna blómvönd í tilefni 1. maí og opnunar kosningaskrifstofu þessara framboða. Í textanum sem fylgdi myndunum stóð „þeim voru færðir blómvendir með óskum um mállefnalega og heiðarlega kosningabaráttu“.

Myndbirtingin gefur ekki alveg rétta mynd af því sem fram fór, því það var oddviti Framsóknarmanna sem átti upphafið að þessu. Hann

mætti þegar Sjálfstæðismenn opnuðu sína kosningaskrifstofu 28. apríl og færði þeim gjafakörfu, sem virtist koma þeim á óvart!

Það var í framhaldi af því sem bæjarstjórnin færði öðrum framboðum blómvendi.

Auðvitað hljóta allir að vilja að kosningabaráttan verði mállefnaleg og heiðarleg, en það er algjör óþarfi hjá bæjarstjóranum að slá sig til riddara með þessari sýndarmennsku, því þegar Vinstri grænir opnuðu kosningaskrifstofu sína á sumardaginn fyrsta kom bæjarstjórnin á staðinn,



Guðbjörn Sigvaldason

...er í kosningastjórn Samfylkingarinnar

en lét sér nægja að keyra fram hjá og horfa á fólkið, en hafði ekki fyrir því að stoppa og sýna þá kurteisi að óska þeim til hamingju. Bæjarstjórnin, oddviti sjálfstæðismanna, minnst ekkert á óskir um mállefnalega og heiðarlega kosningabaráttu þegar blómvendirnir voru afhentir, enda var myndbirtingin til þess gerð að fegra ímynd bæjarstjórans, sem veitir kannski ekki af.

Það tók okkur 2 ár að finna draumalandið en aðeins 30 mínútur að fjármagna kaupin

Það er bara einn þeirra fjölmörgu kosta sem ég nýt í Vörðunni.

Það hefur sannarlega sína kosti að vera í Vörðunni, vildarþjónustu Landsbankans. Við berum traust til viðskiptavina okkar og leyfum þeim að njóta ávinnings af því með fyrirgreiðslu og auknum sveigjanleika til að haga lífi sínu að vild.

Það gerum við meðal annars með því að auðvelda Vörðufélögum lántöku á betri kjörum.



GÓTT FOLK MCGANN



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Njóttu þess að vera í Vörðunni



Ungt ljóðaskáld hlýtur verðlaun

Nú á dögunum fór fram keppnin Ljóð unga fólksins. Þessi keppni er haldin á vegum almenningsbókasafna víðs vegar um landið. Þetta var í fimmta skiptið sem keppnin var haldin og í hana bárust um 450 ljóð. Í flokki 13-16 ára var ung stúlka úr Varmárskóla, Aldís Buzgo, sem hlaut verðlaun fyrir ljóð sitt. Hér birtist það:

Ævintýri

Ef ég ætti heimsins höf ég vildi geta gefið þér.
Vildi geta gefið allt það fegursta í heimi hér.
Sjö hrafntinnur svartar, trú og vonir bjartar.
Tungl og geisla sólu, túnfífil og fjölu.
Gull og græna skóga, perlupakinn flóa.
Dýpstu dali og hæstu fjöll.
Ástir, álfa, menn og tröll.



Skólahljómsveitin á ferð og flugi

Það verður nóg um að vera hjá Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í sumar. Alls muna 33 hljóðfæraleikarar á aldrinum 12-14 ára vera á leið til Danmerkur þann 3. júní og koma heim 10. júní. Þar verða haldnir tónleikar, meðal annars í Legoland og í Skjern. Ferðin er vel skipulögð og er áætlað að nýta tímann vel til að skoða það helsta í Danmörku. Þá er önnur ferð hjá hljómsveitinni á dagskránni en það er ferð til Ítalíu. Sú ferð stendur yfir í tvær vikur. Sveitin kemur til með að halda þar nokkra tónleika og njóta þess besta sem Ítalía hefur upp á að bjóða. Brottför verður 14. júní og komið heim 28. júní.

Hver er staða umhverfismála í Mosfellsbæ?

Umhverfismálin í Mosfellsbæ virðast vera hulin dulúð í höndum Sjálfstæðisflokksins. Að lesa fundargerðir umhverfisnefndar er rétt eins og lesa slitur úr gömlum þjóðsögum. Fundargerðirnar eiga sameiginlegt með sögunum að ekki er of mikið sagt, rétt tæpt á mikilvægustu málunum og í besta falli sagt frá hvað hefur verið tekið fyrir. Símskeytastíllinn er hafinn í efstu hæðir rétt eins og kosti offjár að segja bæjarbúum of mikið.

Lítum á síðustu fundargerð sem var 78. fundur umhverfisnefndar fimmtudaginn 27. apríl 2006. Var dagskránni hespað af á rúmum klukkutíma. Fundinn sat öll umhverfisnefndin eins og hún lagði sig auk bæjarverkefndinga og garðyrkjustjóra. Á dagskrá voru þrjú mál: Framkvæmdir við Stekkjarflöt þar sem Áslaug Traustadóttir landslagsarkitekt kynnti hugmyndir um framkvæmdir á þessu ári. Fróðlegt hefði nú verið fyrir bæjarbúa að lesa hvað hugmyndir arkitektsins ganga út á.

Þá var á dagskrá umhverfisáætlun fyrir 2006-2010. Einnig væri fróðlegt fyrir bæjarbúa að vita e-ð um þessi mál enda eru umhverfismálin ásamt félags- og menntamálinum ein mikilvægustu verkefni hverrar sveitarstjórnar. Við eigum rétt á því að umhverfi okkar sé sýnd eins mikil virðing og mögulegt er. Í fundargerð er einungis: Nefndin leggur til við bæjarstjórn að fyrirbyggjandi drög verði send til allra nefnda Mosfellsbæjar til umsagnar og umsagnir síðan í framhaldi sendar umhverfisnefnd.

Með öðrum orðum: umhverfisnefnd á ekki aðeins að vera undirtylla

bæjarstjórnar heldur einnig allra annarra nefnda á vegum bæjarins.

Síðasta mál þessa fundar nefnist: Framkvæmdir í umhverfismálum 2006. Garðyrkjustjóri kynnti fyrir hugaðar framkvæmdir ársins. Kynnt verður á næsta fundi hvernig staðið verður að uppbyggingu leikvalla og staðsetningu á bekkjum. Já helstu framkvæmdir á vegum bæjarins er að koma upp leikvöllum og bekkjum á árinu, ágætt mál út af fyrir sig svo langt sem það nær en skyldi hvergi í öllu sveitarfélaginu vera nein önnur verkefni sem jafnvel eru brýnni? Hvernig skyldi vera staðið að þeim gríðarmiklu framkvæmdum sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur kallað yfir okkur? Þar er víða slysaþetta og margt sem betur mætti fara.

Hvað varð af Staðardagskrá 21, verkefninu sem Mosfellsbær fékk viðurkenningu fyrir áður en Sjálfstæðisflokkurinn sópaði því merka verkefni niður í skúffu?

Svo er niðurlagið: Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40. Þetta er eins og ekkert merkilegt sé að gerast á þessum nefndarfundum, allir að flýta sér heim í steikina eða soðninguna, kannski leggja sig eftir svona erfiði og puð að sitja einn fund umhverfisnefndar. Ekkert frumkvæði virðist vera hvorki hjá formanni né neinum nefndarmanna af fundargerðunum að dæma á liðnum árum.

Sennilega kostar bæjarfélagið um 50.000 krónur að kalla saman nefnd jafn fjölmenna og umhverfisnefndin er, ásamt embættismönnum bæj-



Guðjón Jenson

Skipar 11. sæti á lista Vinstri-grænna



arins. Við bæjarbúa í Mosfellsbæ eigum rétt á því, að umhverfisnefnd starfi betur í þágu okkar allra.

Við þurfum að taka upp nauðsynlega umhverfisvöktun í Mosfellsbæ. Hvaða breytingar hafa orðið í umhverfinu vegna aukinnar byggðar í Mosfellsbæ? Hver eru áhrif umferðar á umhverfi Vesturlandsvegarins? Hver eru loftgæði þar? Hávaði? Hvaða áhrif hefur aukin og þyngri umferð haft á fuglalíf? Gróðurfar? Hvað með námuna og stuðlabergið í Seljadal? Hvað með aðrar malarnámur í Mosfellsbæ og handan Leirvogsár? Er þar e-ð sem þarf greinilega að ráða bót á ekki seinna en strax? Hafa borist kvartanir tengdar umhverfi á liðnum árum til yfirvalda í Mosfellsbæ og hvað hefur verið gert til úrbóta?

Svona mætti lengi telja. Mér finnst Sjálfstæðisflokkurinn hafa fengið of frjálssar hendur að grafa nánast öll mál tengdum umhverfi okkar niður í einhverjar skúffur án þess nokkuð sé hugað að nánasta umhverfi okkar í Mosfellsbæ.

Við þurfum að tryggja að ekki aðeins okkar nánasta umhverfi sé í sem besta lagi, fuglar og gróður dafni og þroskist, að loftið sem við öndum að okkur og vatnið sem við dregkum svo dæmi sé nefnt sé heilsu okkar ekki til tjóns. Við viljum að markmið Staðardagskrár 21 verði endurvakin og hafin til vegs að nýju eftir 4 ára gleymsku Sjálfstæðisflokksins í Mosfellsbæ.

Lýst eftir stefnu í hundamálum

Þar sem að börnin mín eru komin á legg, tvö þeirra flutt að heiman og það þriðja á leið í framhaldsskóla, hef ég ákveðið að kjósa með hagsmuni hundsins míns að leiðarljósi í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Ég hef verið hundeigandi í bráðum þrjú ár og það hefur verið gefandi tími. Ég greiði gjöld fyrir að halda hundinn minn og legg mig fram um að hundahald mitt verði ekki öðrum til ama. Því miður er ekki hægt að segja að Mosfellsbær sé hundavænt bæjarfélag, þótt það ætti að hafa alla burði til þess. Það hefur a.m.k. alveg farið framhjá mér hafi bæjaryfirvöld gert eitthvað til þess að koma til móts við þarfir hundanna og eigenda þeirra. Svo virðist sem að aurarnir, sem hundagjöldin skila bæjarfélaginu, hafi aðallega verið notaðir til að

kaupa bannskilti sem dritað hefur verið út um allar koppagrunDIR.

Þótt það sé út af fyrir sig ekki gaman að láta fara með sig eins og annars eða þriðja flokks borgara, þá hefur mér verið nokkuð sama um skilnings- og afskiptaleysi bæjaryfirvalda. Ég hef getað viðrað hundinn minn í Lágafelli ofan hins væntanlega Krikahverfis. Þar hefur maður lengst af aðeins mætt öðrum hundaeigendum. Nú er það að breytast. Búið er að siga vinnuvélum á hlíðina og trjáplönturnar. Ljóst er að hundaeigendur í Mosfellsbæ verða að finna sér annan stað í framtíðinni. Í ljósi þessa vil ég spyrja oddvita flokkanna, sem kosið verður um í kosningunum, hvaða stefnu þeir og flokkar þeirra hafa í hundamálunum, þ.e.a.s. ef þeir hafa á annað borð einhverja stefnu í



þessum málum. Hvar eiga vöndir að vera? Kemur til greina að leyfa hundahald með skilyrðum í stað þess að banna það og veita undanþágur líkt og nú er gert?

Virðingarfyllst
Eiríkur St. Eiríksson
stangaveidi@stangaveidi.is

Áhyggjulaust ævikvöld?

Leifur Kr. Jóhannesson, sem skipar 10. sæti á framboðslista B-listans ritar grein í 2. tbl. Mosfellsfréttu í maí 2006, með yfirskriftinni „Áhyggjulaust ævikvöld?“

Við lestur á grein Leifs og með hliðsjón af stefnuskrá B-listans er mér ljósara en nokkru sinni fyrr orðatiltækið „að skjóta sig í fóttinn“.

Í inngangi greinar sinnar getur Leifur þess að mikil umræða hafi verið undanfarið um málefni aldraðra og að nú virðist sem svo að margir frambjóðendur til sveitarstjórna hafi skyndilega fengið áhuga á að ræða þau mál. Leifur telur það „dálítið grunsamlegt“ að þetta skuli gerast í aðdraganda kosninga en ekki fyrr.

Framsóknarmenn hafa nú ekki haft miklar áhyggjur af málefnum aldraðra á því kjörtímabili sem nú er að ljúka né heldur á þeim átta árum sem þeir voru við stjórnvölinn og því vil ég spyrja: Er Leifur með þessu að segja, að það sé „dálítið grunsamlegt“, svo notað sé hans eigið orðalag, að framsóknarmenn skuli nú allt í einu, „í aðdraganda kosninga“, fá skyndilegan áhuga á málefnum aldraðra?

Og Leifur heldur áfram í grein sinni og segir: „Það vekur tortryggni hjá mörgum, en gott og vel ef þessum

óvænta áhuga fylgir einhver alvara er það af hinu góða. Eftir því verður tekið hvort hugur fylgir máli“.

Ég er Leifi hjartanlega sammála. Það vekur vissulega tortryggni að framsóknarmenn skuli nú allt í einu vakna til lífsins um málefni eldri borgara og eftir því verður að sjálfsögðu tekið hvort hugur fylgir máli hjá þeim í þessu efni.

Skoðum nú stefnuskrá B-listans, þar segir: „B-listinn mun berjast fyrir því að í Mosfellsbæ rísi hjúkrunarheimili þannig að bæjarbúar þurfi ekki að dvelja utan bæjarmarkanna á hjúkrunarheimilum, eins og raunin er í dag.“

Þetta er ákaflega fallega orðað, en því miður er það svo að til þess að framkvæmdir geti hafist þarf samþykki heilbrigðisráðherra og þrátt fyrir harða baráttu meirihlutans í bæjarstjórn Mosfellsbæjar hafa hvorki fyrrverandi né heldur núverandi heilbrigðisráðherra veitt heimild til þess að hefja framkvæmdir. Veistu það Leifur, að bæði fyrrverandi og núverandi heilbrigðisráðherrar eru framsóknarmenn? Kolröng dreifbýlishugsjón framsóknarráðherra hafa haft það í för með sér að það vantar sárlega hjúkrunarheimili

á suðvestur horni landsins, en úti á landi eru ónotuð 126 hjúkrunarrými.

Þetta er ástæða þess að bæjarbúar hafa þurft að „dvelja utan bæjarmarkanna á hjúkrunarheimilum, eins og raunin er í dag“ svo vitnað sé í stefnuskrá framsóknarmanna.

Leifur segir í grein sinni: „Ríkisstjórnin skipaði starfshóp til þess að fjalla um málefni aldraðra. Það vekur nokkra undrun að það starf eigi að taka marga mánuði eða hátt í ár að skila frá sér áltí.“

En Leifur, hver er Akkilesarhællinn í þessu ferli? Á s.l. ári var, að tilhlutan Landssambands eldri borgara (hér eftir LEB) skipuð nefnd undir forsæti Elínar Línadal til þess að fara yfir málefni eldri borgara og gera tillögur til úrbóta. Þegar til kastanna kom varð ljóst að það umboð sem Elín hafði frá heilbrigðis- og tryggingarráðherra fólst eingöngu í að gera úttekt á því hvernig staðið hefði verið við samkomulag LEB og stjórnvalda frá því 2002. Þessu undu fulltrúar LEB ekki og mótmæltu þessari málsmeðferð. Forsætisráðherra upplýsti svo á fundi með fulltrúum LEB í ráðherra-bústaðnum þann 21. desember s.l., að þessi nefnd sem Elín veitt forystu hefði verið lögð niður!



Gréta Snær Hjartarson

Skipar 13. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins



Á þessum fundi voru ráðherrarnir, sem fundinn sátu, sammála um að taka þyrfti á tekjutengingu launa og skattamálum. Á þessu hefur núverandi heilbrigðis- og tryggingarráðherra (er víst framsóknarkona) allt aðra skoðun og hefur lýst því yfir í útvarpsviðtali að ekki komi til greina að hrófla við skerðingarákvæðum laganna. Og forsætisráðherra hefur látið frá sér fara að skattamál séu ekki til umræðu í þessu efni, þrátt fyrir að í bókun af hans hálfu frá fundinum í ráðherra-bústaðnum þann 21. des. 2005 segi, að skattamál skuli tekin til umræðu.

Niðurstaða fundarins í ráðherra-bústaðnum varð sú, að skipuð var ný nefnd til að fjalla um málefni aldraðra undir forsæti Ásmundar Stefánssonar, ríkissáttasemjara. Skyldi nefndin taka til starfa í byrjun janúar 2006. Nefndinni var ætlað að ljúka störfum á næstu mánuðum. Nokkrir fundir hafa verið haldnir, en nú hafa stjórnvöld ákveðið að nefndin komi ekki aftur saman til funda fyrr en í september eða október á þessu ári.

Miklir eruð þér framsóknarmenn.

Er íbúalýðræði í Mosfellsbæ?

Á framboðsfundi með grunnskólakennurum á mánudaginn var spurð í þróttakennari bæjarstjórnann hvers vegna hafi verið tekin ákvörðun um að byggja minna íþróttahús við Lágafellsskóla en til stóð. Jafnframt benti fyrirspyrjandi á þá skoðun sína, sem fagmaður, að þessi stærð væri afar óhentug fyrir íþróttakennslu. Bæjarstjórnin svaraði því til að hún teldi húsið í rétttri stærð. Punktur. Síðar á fundinum bar undirritaður upp spurninguna um hvað lægi að baki þeirri fullyrðingu bæjarstjórnans að húsið væri í hentugri stærð og við hverja hefði verið haft samráð. Svarið kom loks eftir að ég hafði margitækað spurninguna. En þá var það líka

skýrt: „Þetta var eingöngu pólitísk ákvörðun“. Punktur. Sem sagt, einhliða ákvörðun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Ekkert samráð var haft við íþrótt- og tómstundaneftnd, íþróttakennarana eða aðra notendur hússins. Engir fagaðilar kallaðir til. Þetta er ekki íbúalýðræði. Það er algjört lágmark að ræða við sína eigin fulltrúa í íþrótt- og tómstundaneftnd, en hún á samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar um hana að vera ráðgefanndi í slíkum málum. Þetta er ekki eina tilfellið, ágætu bæjarbúar. Lýðurinn er ekki spurður og stjórnunarstíllinn er harður og fráhrindandi.

Eitt skýrasta dæmið um vanvirðingu við íbúana og skoðanir þeirra

var þegar tæplega 2.000 Mosfellingar sendu bæjarstjórn áskoran varðandi byggingu sundlaugar. Þeim undirskriftum var stungið undir stól. Hvað með íbúasamtökin til verndar Varmár-svæðinu? Verður hlustað á þau eða verður Mosa kennt um allt.

Grátmúrinn

Í Varmá, blaði sjálfstæðismanna, reistu frambjóðendur grátmúr í tilefni af gagnrýni framsóknarmanna á þeirra störf. Þau taka gagnrýni illa og síðan þegar einhver þorir loksins að gagnrýna, þá verður áfall. Þó svo að margir hafi ekki þorað að gagnrýna hvernig Sjálfstæðisflokkurinn hefur stjórnað bæjarfélaginu þá þarf það ekki að



Valdimar Leó Friðriksson

Skipar 8. sæti á lista Samfylkingarinnar

þýða að flokkurinn hafi staðið sig vel. Skattþíning og aðgerðarleysi kemur mönnum í koll. Líka þeim sem dreifa ávísunum, korteri fyrir kosningar.

Mosfellsbær er ekki eins og hann var. Sjálfstæðisflokkurinn í Mosfellsbæ er ekki eins og hann var. Það hefur verið þaggað niður í grasróttinni – alls staðar, innan flokksins sem utan.

Yfirlýsing frá stjórn Stangaveiðifélags Reykjavíkur vegna reiðvegagerðar við Leirvogsa

Stjórn SVFR lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þess hvernig staðið hefur verið að gerð reiðvegar meðfram Leirvogsa – einnar albestu laxveiðiáar landsins. Það að leggja veg svona þétt við ána og veiðistaði og að ætla að fara með hann undir brúna á þjóðvegnum rétt hjá einum af allra bestu veiðistöðum landsins er algjörlega ótækt, þar sem slíkar breyt-

ingar munu hafa ákaflega alvarlegar afleiðingar í för með sér hvað varðar veiðina í ánni.

Stjórn SVFR skorar á Mosfellsbæ og aðra eigendur árinna að hlutast til um að horfið verði frá þeim áformum að leggja reiðveginn undir brúna og að vegurinn liggi hvergi annars staðar svo nærri ánni að umferð hestamanna geti truflað veiðimenn. Minnt

er á að undirgöng eru undir brúna á þjóðvegnum við Köldukvísl, aðeins nokkur hundruð metra frá Leirvogsa, beint ofan við hesthúsabyggðina, og ættu þau að duga hestamönnum til þess að komast undir Vesturlandsveginn.

Páll Þór Ármann
Framkvæmdastjóri SVFR
S. 8980995



Hvað er lýðræði?

Töluvert hefur borið á því í málflutningi vinstri manna og framsóknar í kosningabaráttunni að í stjórnartíð okkar sjálfstæðismanna hafi lýðræði minnkað og við dregið úr samvinnu við íbúa og félög við ákvarðanatöku í hinum ýmsum málum. Ætla ég í fáum orðum að fjalla um nokkur mál sem unnin hafa verið í samráði við íbúa.

- Haldnir hafa verið fjölmargir fundir með íbúum til að kynna fyrirhugaðar breytingar á skipulagi í næsta nágrenni við þá áður en skipulagið var auglýst og hefur það í sumum tilfellum leitt til þess að hætt hefur verið við fyrirhugaðar breytingar.
- Markvisst hefur verið unnið að því að gera alla stjórnsýslu opnari og skilvirkari en áður og er í gangi vinna við opna rafrænan aðgang íbúa að öllum gögnum er tengjast þeim.
- Haldnir voru hverfandir undir yfirskriftinni "Hvað finnst þér".
- Haldið var íbúðing á síðasta ári þar sem fjölmargir íbúar mættu og létu sig mál Mosfellsbæjar varða.
- Við tókum upp reglulegan auglýstan viðtalstíma við bæjarfulltrúa (minnihlutann líka) til að gefa bæjarbúum kost á að hitta kjörna fulltrúa
- Við mótun fjölskyldustefnu hafa verið teknar ábendingar frá íbúðinginu og myndaðir sérstakir rýnihópar til að

fá sjónarmið sem flestra. Mun stefnan verða send til allra nefnda og starfsmanna til skoðunar. Einnig verður stefnan sett á netsíðu Mosfellsbæjar og óskað eftir athugasemdum og hugmyndum áður en stefnan verður samþykkt.

- Vegna áskorunar foreldra á borgarafundi um sundlaug á vestursvæði hófum við könnun á hagkvæmni þess að byggja sundlaug á vestursvæði og er að rísa glæsileg íþróttamiðstöð á vestursvæði.
- Við mótuðum reglur varðandi úthlutunir lóða. Það er meira en hægt er að segja fyrri meirihluta sem mótaði úthlutunarreglur eftir að fólk hafði sótt um lóðirnar í Höfðahverfinu.

Til hvers að móta stefnu?

Mótaðar voru ýmsar stefnur í tíð fyrri meirihluta, rétt eins og við höfum verið að gera á því kjörtímabili sem er að ljúka. Mótuð var heildstæð skólastefna, atvinnu- og ferðamálastefna, markmið Mosfellsbæjar varðandi sjálfbæra þróun og hvert við viljum stefna á 21. öldinni í þeim málum og er það vel.

- Við erum að vinna við gerð fjölskyldustefnu Mosfellsbæjar sem er nokkurs konar regnhlífarstefna þar sem fram koma áhersluatriði allra þeirra stefnumála sem í gildi eru og

verður þeirri vinnu lokið fljótlega.

- Við höfum endurskoðað jafnréttisstefnuna í tvígang
- Við erum að vinna eftir aðgerðaáætlun varðandi úrbætur í aðgengismálum í bæjarfélaginu
- Við samþykktum öryggisstefnu um hámarkshraða útbætur varðandi hraðakstur svo eitthvað sé nefnt.

Eru stefnur eign meirihlutans á hverjum tíma?

Það er nauðsynlegt að móta stefnu um ýmis málefni til að hægt sé að vinna skipulega að settum markmiðum, en bíðið við "er stefna stefna meirihlutans eða samfélagsins alls? Ég spurði mig þess eftir að hafa lesið grein fulltrúa Samfylkingarinnar. Það er erfitt að átta sig á því hvað sá fulltrúi var að fara. Er verið að meina að þau markmið sem við unnum saman að t.d. varðandi sjálfbæra þróun á 21. öldinni í Mosfellsbæ, gildi ekki fyrir sjálfstæðismenn þar sem þetta var unnið í stjórnartíð núverandi minnihluta? Þetta er furðuleg pólitík, enda get ég fullyrt að ötullega hefur verið unnið í anda St-21 í þeirri nefnd sem ég veiti formennsku eða fjölskyldunefnd.

Hvað mig varðar þá á ég mikinn hluta í stefnunni sem við mótuðum



Herdís Sigurjónsdóttir

Forseti bæjarstjórnar og skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

varðandi St -21 og tók þátt í þeirri vinnu af heilindum. Ég ýtti á í umhverfisnefndinni að við byrjuðum stefnumótunavinnuna og var fulltrúi sjálfstæðismanna í stýrihópi sem stýrði vinnunni. Ég lagði til að við færum út í að hvetja skóla okkar varðandi grænfa verkefnið og tók þátt í Vistvernd í verki, og allt þetta vann ég á meðan ég var í minnihluta, enda kjörin til að gæta hagsmuna allra Mosfellinga.

Mig langar að benda fulltrúunum minnihlutans á að stefnumótun sem unnin er í sátt og samlyndi getur auðveldlega endurspeglad sjónarmið meirihlutans hver sem hann er á hverjum tíma. En þegar búið er að samþykkja mál með sjö atkvæðum, eða öllum greiddum atkvæðum í bæjarstjórn þá eru bæjarfulltrúar búnir að taka ákvörðun um mál sem þeir telja að komi sér vel fyrir samfélagið allt í Mosfellsbæ en ekki bara meirihlutann.

Ég treysti kjósendum til að kynna sér málin og meta sjálfir störf núverandi meirihluta á þessu kjörtímabili og veita sjálfstæðismönnum brautargengi í komandi kosningum.

XD fyrir árangur - ábyrgð - lífsgæði

Skólarnir okkar- nokkrir punktar

Við eigum frábæra skóla í Mosfellsbæ með metnaðarfullu og hæfu starfsfólki. Það sinnir ekki aðeins hefðbundnu skólastarfi heldur vinnur einnig að árangursríku og krefjandi þróunarstarfi.

Sjálfstæði skólanna

Frumforsenda frekari árangurs er að efla faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði skólanna, því stjórnendur og samstarfsfólk þeirra þekkja best innviðina og þarfirnar. Þeir eiga að hafa umboð til athafna. Góð starfsskilyrði eru jafnframt forsenda þess að hægt sé að tryggja að við skólana starfi ætíð hið hæfasta fólk í öllum störfum. Þannig tryggjum við vöxt og viðgang skólastarfs í Mosfellsbæ. Skólarnir eiga að vera faglega sjálfstæðir og ákvarðanir um fyrirkomulag kennslunnar svo sem bekkja- og hópa-stærðir eru best komnar hjá þeim. Slíkar ákvarðanir eiga ekki að takast

miðlægt hjá bæjaryfirvöldum.

Samfélag án aðgreiningar

Skóli án aðgreiningar er eðlileg hugsun eins og krafan er um þjóðfélag án aðgreiningar. Kostirnir eru að sjálfsögðu þeir að öllum nemendum er veittur aðgangur að skólastarfi án hindrana og jöfn tækifæri allra tryggt. Ennfremur fá allir nemendur innýtt inn í aðstæður ólíkra einstaklinga og kynnast betur margbreytileika samfélagsins. Erfitt er að tala um galla í þessu sambandi en þessi nálgun kallar á mjög mikla sérhæfingu starfsmanna. Auknar kröfur eru gerðar til þeirra sem þarf að mæta með aukinni þjálfun. Það er ljóst að samfara þessu mun kostnaður aukast í skólastarfi en ógerningur er að nefna tölur í þessu sambandi.

Þróun starfsskilyrða

Það er ljóst að miklar kröfur eru

gerðar til kennara á öllum skólastigum og þær kröfur munu aukast í framtíðinni. Því er nauðsynlegt að skapa þjóðarsátt um vinnutíma og kjör kennara til samræmis við aðra háskólamenntaða starfsmenn. Við erum tilbúin í þá vinnu og sú vinna þarf að hefjast strax svo unnt verði að taka mið af þeirri vinnu við endurskoðun og gerð næstu kjarasamninga.

Sú þróun sem verið hefur á íslenskum vinnumarkaði undanfarin 10 ár að draga úr miðstýringu kjaramála er eðlileg og æskileg. Kjarasamningar hafa verið að próast í þá veru að leggja meiri áherslu á einstaklinginn, frumkvæði, hæfni, þekkingu, ábyrgð og reynslu starfsmanna. Með því að leggja áherslu á persónubundna þætti skapast möguleiki á að umbuna starfsmönnum í samræmi við frammistöðu og árangur. Þau tækifæri sem



Hafsteinn Pálsson

Bæjarfulltrúi og í 4. sæti á framboðslista Sjálfstæðismanna

felast í nýjum kjarasamningi gera það að verkum að hægt er að fara nýjar leiðir og erum við tilbúin að reyna þær í samvinnu við hlutaðeigandi. Lærdómurinn sem má draga af síðustu kjarasamningum segir okkur að nýja aðferðafræði þurfi við gerð kjarasamninga.

Það er von D-listans að það sé sameiginlegt markmið allra Mosfellinga að efla enn frekar frábæru skóla.

Í Mosfellsbæ þar sem allir skipta máli!



ALLAR TJÓNAVIÐGERÐIR

FLUGUMÝRI 16A - S. 566 7778





Auglýsing frá yfirkjörstjórn í Mosfellsbæ

Boðnir eru fram eftirfarandi framboðslistar við
bæjarstjórnarkosningar í Mosfellsbæ 27. maí n.k.:

B - listi Framsóknarflokksins

1. Marteinn Magnússon
2. Helga Jóhannesdóttir
3. Óðinn Pétur Vigfússon
4. Halldóra M. Baldursdóttir
5. Eva Ómarsdóttir
6. Kristbjörg Þórisdóttir
7. Halla Karen Kristjánsdóttir
8. Óli Kárasen Tran
9. Sigríður Sigurðardóttir
10. Leifur Kr. Jóhannesson
11. Kolbrún Haraldsdóttir
12. Eyjólfur Árni Rafnsson
13. Bryndís Bjarnarson
14. Þröstur Karlsson

S - listi Samfylkingarinnar

1. Jónas Sigurðsson
2. Hanna Bjartmars Arnardóttir
3. Anna Sigríður Guðnadóttir
4. Baldur Ingi Ólafsson
5. Óskar Ingi Sigmundsson
6. Gerður Pálsdóttir
7. Helga Dís Sigurðardóttir
8. Valdimar Leó Friðriksson
9. Aþena Mjöll Pétursdóttir
10. Ragnar Gunnar Þórhallsson
11. Lís Sigríður Greipsson
12. Aagot Árnadóttir
13. Lárus Haukur Jónsson
14. Guðný Halldórsdóttir

D - listi Sjálfstæðisflokksins

1. Ragnheiður Ríkharðsdóttir
2. Haraldur Sverrisson
3. Herdís Sigurjónsdóttir
4. Hafsteinn Pálsson
5. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
6. Bryndís Haraldsdóttir
7. Bjarki Sigurðsson
8. Agla Elísabet Hendriksdóttir
9. Hilmar Stefánsson
10. Elín Karítas Bjarnadóttir
11. Theódór Kristjánsson
12. Katrín Dögg Hilmarsdóttir
13. Grétar Snær Hjartarson
14. Klara Sigurðardóttir

V - listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs

1. Karl Tómasson
2. Bryndís Brynjarsdóttir
3. Jóhanna B. Magnúsdóttir
4. Elísabet Kristjánsdóttir
5. Bjarki Bjarnason
6. Ólafur Gunnarsson
7. Katrín Sif Oddgeirsdóttir
8. Loftur Þór Þórunnarson
9. Silja Hlín Guðbjörnsdóttir
10. Birgir Haraldsson
11. Guðjón Jensson
12. Ingibjörg B. Ingólfssdóttir
13. Davíð Örvar Hansson
14. Gísli Ársæll Snorrason

Nánari upplýsingar um kosningarnar er að finna á www.mos.is

Auglýsing frá Mosfellsbæ um framlagningu kjörskrár



Kjörskrá vegna sveitarstjórnarkosninganna í Mosfellsbæ 27. maí 2006 mun liggja frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, frá og með 17. maí og til 27. maí 2006. Þar geta íbúar skoðað kjörskrána og ef efni standa til gert athugasemdir til sveitarstjórnar fram á kjördag.

Athygli er vakin á því að óheimilt er að breyta kjörskrá ef tilkynning um nýtt lögheimili hefur ekki borist þjóðskrá þremur vikum fyrir kjördag þ.e. 6. maí 2006.

Mosfellsbæ 15. maí 2006
Bæjarritarinn í Mosfellsbæ

Kraftur og hugmyndir



Tryggjum Karli og Bryndísi
sæti í bæjarstjórn



Leikfélagið í Borgarleikhúsinu

Þann 5. maí var haldin stutt-
verkahátíð Bandalags íslenskra
leikfélaga í Borgarleikhúsinu.

Hátíðin hét
Margt smátt og
fór fram á litla
sviði Borgar-
leikhússins.
Þar sýndu átta
aðildarfélög
Bandalagsins
stutt leikverk.



Leikfélag Mosfellsveitar var þar í
fararbroddi og voru verkin það er
frítt að tala í GSM hjá Guði eftir
Pétur R. Pétursson og Maður er
nefndur eftir Birgi Sigurðsson og
Pétur R. Pétursson, framlög leik-
félagsins til hátíðarinnar. Þessi
hátíð var haldin í þriðja skiptið
og þótti takast afar vel.



Skáld mánaðarins og framhaldssaga

Skáld mánaðarins á skólavef-
urinn.is er að þessu sinni Bjarni
Thorarensen. Á vefnum eru
verk hans og ævisaga tekin fyrir
og kynnt lesendum. Vefurinn
geymir ýmislegt fleira. Þar má
nefna nýja krossgátu á hverjum
föstudegi og einnig upplesna
framhaldssagan Blóðhefn. Vefurinn
er sneisafullur af
gagnlegum og gamansömum
fróðleik. Aðgangur að vefnum
kostar aðeins 1290 kr. á mánuði
fyrir einstaklinga og er vel þess
verðugur. Það er um að gera að
athuga hvað hann hefur upp
á að bjóða á vefslóðinni www.
skolavefurinn.is.

Láttu okkur dekra við þig

Við bjóðum uppá
nudd, bowen,
heilun og slökun,
naglaásetningu,
ósonklefa og
margt fleira.



Þverholt 5 - s. 566 8110

Sveitarstjórnarkosn

KOSNINGAR 2002

4.321 Á KJÖRSKRÁ


80,6% KJÖRSÓKN

Nú stýttist í sveitarstjórnarkosningar í bæn-
um og hafa frambjóðendur flokkanna verið
áberandi síðustu vikurnar í bæjarfélaginu.
Flokkarnir sem bjóða fram eru fjórir að þessu
sinni. Á kjörskrá eru 5004 einstaklingar og þar
eru karlmenn 2486 samtals og konur eru 2518.
Kjörstaðir bæjarins eru tveir, Varmárskóli og
Lágafellsskóli. Þangað munu vonandi sem
flestir af þessum rúmlega 5000 manns mæta
og kjósa þann flokk sem þeim þykir ákjósan-
legastur. Í síðustu kosningum voru 4321 íbúar
á kjörskrá og kusu 3481 manns. Kjörsóknin
var því um 81%. Listi Sjálfstæðisflokksins fékk
1787 atkvæði, Framsókn 827 og sameiginlegur
listi Samfylkingar og Vinstri grænna fékk 792
atkvæði. Fjöldi auðra eða ógildra kjörseðla
vour 75. Við þessar niðurstöður fékk Sjálf-
stæðisflokkurinn fjóra fulltrúa í bæjarstjórn,
Framsókn tvo og sameiginlegur listi Samfylk-
ingar og Vinstri grænna fengu einn fulltrúa.

B = Listi Framsóknarflokks

D = Listi Sjálfstæðisflokks

G = Listi Samfylkingar
og Vinstri grænna



*Prósenturnar sýna hlutfall af greiddum atkvæðum

Mosfellingur hitti fólk á förnum vegi og



Ólafur S. Rafnsson
Ég ætla mér að kjósa
Vinstri Græna



Valgerður
Magnúsdóttir
Ég kys
Sjálfstæðisflokkinn



Sædis Gísladóttir
Ég er ekki búin að
ákveða það



Óðinn K. Karlsson
Ég ætla að kjósa
Framsókn



Kristín Snorradóttir
Ekki ákveðin en
pottþétt ekki
Sjálfstæðisflokkinn



Rebekka Pétursdóttir
og Sara Ósk
Þarf að skoða
stefnumálin og taka
ákvörðun út frá því



Guðný Tryggvadóttir
Ég ætla að kjósa
Sjálfstæðisflokkinn



Svanhildur
Svavardóttir
Ég er ekki búin að
ákveða þessi mál



Sólrún M. Jónsdóttir
Ég er til vinstri í
pólitikinni



Sigrún B. Jónsdóttir
Ég er ekki búin að
gera það upp



Björgvin
Guðmundsson
Ég er jafnaðarmaður
og kys Sjálfstæðis-
flokkinn



Sveinn R.
Grímsson
Ég er ekki búinn að
ákveða þetta ennþá

Kjöringar í Mosfellsbæ



Marteinn Magnússon



Ragnheiður Ríkhartósdóttir



Jónas Sigurðsson



Karl Tómasson

Meðalaldur á lista:
42 ára

Elsti maður á lista:
Leifur Kr. Jóhannesson
73 ára



Yngsti maður á lista:
Eva Ómarsdóttir
23 ára.



6 karlar = 42,8%
8 konur = 57,2%

Nýir á lista síðan 2002 = 7

Meðalaldur á lista:
42 ára

Elsti maður á lista: Grétar Snær Hjartarson
69 ára



Yngsti maður á lista:
Katrín Dögg Hilmarsdóttir
24 ára



7 karlar = 50%
7 konur = 50%

Nýir á lista síðan 2002 = 7

Meðalaldur á lista:
43 ára

Elsti maður á lista: Aagot Árnadóttir
71 árs



Yngsti maður á lista:
Aþena Mjöll Pétursdóttir
20 ára




6 karlar = 42,8%
8 konur = 57,2%


Nýir á lista síðan 2002 = 9

Meðalaldur á lista:
41 ára

Elsti maður á lista: Elísabet Kristjánsdóttir
67 ára



Yngsti maður á lista: Katrín Sif Oddgeirsdóttir
19 ára



8 karlar = 57,2%
6 konur = 42,8%

Nýir á lista síðan 2002 = 10

5.004 Á KJÖRSKRÁ

PANN 9. ÁGÚST 1987 VARÐ
MOSFELLSSVEIT AÐ BÆ OG
FÉKK NAFNIÐ MOSFELLSBÆR.

KOSNINGAR 2006

g spurði hvað skal kjósa?



Gústi Linn

Skoðaði kosningamálin og
talaði við fólk í bænum
agust@mosfellingur.is



Ingibjörg
Sigmarisdóttir
Ég er x-D manneskja



Kolbrún Lange
Ætla að sleppa því,
mér list ekkert á
þetta allt saman



Baldvin Jóhannesson
Vinstri Græna, það
er málið



Svavar Viktorsson
Eins og staðan er
í dag er fátt sem
heillar mig, býst við
að skila inn auðu



Runólfur
Engilbertsson
Ég er ekki búinn að
taka ákvörðun enn



Aðalheiður
Einaróttir
Sjálfstæðisflokkinn



Tryggvi Þ. Júlíusson
Vinstri Græna,
alveg pottþétt



Elías Þórðarson
X-D, það er málið



Heiðar Kristjánsson
Er ekki búinn að
ákveða þessi mál, er
að skoða stefnuskrár



Agnar F. Gunnarsson
Sjálfstæðisflokkinn



Krístrún Gestsdóttir
Reikna með því að
kjósa Vinstri Græna



Hjalti Árnason
Ég hef ekki gert hug
minn upp ennþá

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. Netfangið er mosfellingur@simnet.is



Bærinn í blóma

Brynjar hafði samband við Mosfelling og sagði: mig langaði einungis að nefna það hvað bærinn okkar tekur stakkaskiptum á sumrin. Nú fer allt að blómstra og ég hvet bæjarbúa til þess að nýta veðurbliðuna og gera garðinn sinn fallegan. Nú er tíminn til þess að rækta garðinn og sálu sína um leið. Látum bæinn skarta sínu fegursta í sumar.



Keyrum varlega vegna barnanna

Sigríður hringdi í Mosfelling og vildi koma eftirfarandi á framfæri: Ég vil biðja fullorðna fólk um að aka varlega í bænum því nú eru börnin okkar farin að vera út um allt að leik. Fólk þarf að hafa augun hjá sér og sína tillitsemi. Við verðum að passa upp á börnin því þau eru framtíðin.



Hestafngur um allt

Mig langar vinsamlegast að koma þeim tilmælum á framfæri til hestamanna að þeir eru ekki vinsælir í búðum hér í bæ nýkomnir úr hesthúsinu. Það er óþolandi að standa við búðarkassann og þurfa að anda að sér þessum fnyk frá skepnunum. Getur fólk ekki allavega sýnt okkur hinum smá virðingu með því að hafa fataskipti áður en það kemur innan um matinn okkar. Með von um tillitssemi og kurteisi í garð okkar hinna.

Sigrún



Skóflustunga að nýjum gervigrasvelli

Tekin var fyrsta skóflustungan fyrir nýjum og glæsilegum gervigrasvelli við Varmá þann 17. maí síðastliðinn. Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Bjarki Sigurðsson fengu hjálp frá börnum í yngstu flokkum Aftureldingar við skóflustunguna. Við tilefnið lék Skólahljómsveit Mosfellsbæjar nokkur lög og börnin fengu ís. Völlurinn verður í fullri stærð og samþykkt var á bæjarstjórnarfundum þann 10. maí að opna fyrir útboð á framkvæmdinni og er áætlað að völlurinn verði tilbúinn síðla sumars.



Myndlistarsýning í Listasalnum


Myndlistarsýning á verkum Marisu Navarro Arason er nú í gangi í Listasal Mosfellsbæjar. Marisa er spænsk að uppruna en hefur starfað sem ljósmyndari hér á Íslandi frá árinu 1986. Hún hefur haldið fjölda sýninga á verkum sínum í gegnum tíðina, bæði hérlendis og erlendis. Allir eru velkomnir á sýninguna sem stendur til 24. maí. Sýningin er opin samkvæmt opnunartíma bókasafnsins.

Veistu svarið?

- 1 Undir hvaða nafni er rapparinn og barnabarn Halldórs Laxness betur þekktur?
- 2 Hvað heita skólastjórnarnir tveir í Lágafellsskóla?
- 3 Hver er forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar og vinnuskóla Mosfellsbæjar?

Svör: Dóri DNA, 2. Sigríður Johnsen og Jóhanna Magnúsdóttir
3. Atli Víðar Bragason

Sögukornið



Friðrik G. Olgeirsson
rifjar upp gamla tíma úr sveitinni

Leifur Loftsson í Vinjum

Hann stendur á bakka Varmárlaugar, hendir steini út í sundlauginna og fylgist vel með því hvar hann sekkur til botns. Þetta er gamall maður og um stund horfir hann í kringum sig en stingur sér síðan og kafar eftir steininum og kemur með hann til baka og setur hann á sundlaugarbakkann. Þetta endurtekur hann nokkrum sinnum. Hann hefur gaman af þessum leik, tók upp á honum í ellinni til að skemmta sér og liðka lúin bein. Það hljóta margir að muna eftir honum við þessa iðju. Þetta er liðin tíð því þessi sundkappi lést árið 1992.

Maðurinn hét Leifur Loftsson. Hann var fæddur að Bakka í Austur-Landeyjum 17. apríl 1909, þriðji í röð átta barna Kristínar Sigurðardóttur og Lofts Þórðarsonar. Hann ólst upp á Bakka en stuttu eftir fermingu hleypti hann heimdraganum og hélt til Reykjavíkur til að læra bókband. Þótt hann festist ekki í því starfi undi hann löngum við þá iðju þegar tími gafst til frá dagsins önn. Leifur var ákaflega hagr maður, hann nam húsamálun og vann við smíðar í Vestmannaeyjum um tíma. Seinna fluttist hann til Mosfellsveitar og reisti sér hús sem hann kallaði Vinjar. Hann vann í



Hús Leifs, Vinjar, í Teigahverfinu.

Saltvík á Kjalarnesi en réði sig svo á verkstæði Álafossverksmiðjunnar þar sem hann fékkst við véla- viðgerðir. Loks stofnaði hann járnsmíðaverkstæðið Dverghamar. Það rak hann fyrst ásamt öðrum, síðan einn meðan hann hafði starfsorku. Leifur og verkstæðið hans var stór partur af sveitinni og margir leituðu til hans með bílaða hluti því þar var ekki aðeins fagmannshöndin að verki heldur líka greiðvikinn hugur svo af bar. Það fengu margir að reyna. Hann var alltaf högvær þegar hann skoðaði hlutina, velti þeim mikið fyrir sér og alltaf hafði hann einhverjar lausnir. Oft sauð hann hluti sem aðrir töldu útilokað að gera. Víst var hann sérlundaður, gekk sinn veg óáreitinn, kröfufalaus um annarra hylli en hitti hann lítilmagna eða barn þá urðu augu hans barmafull af sólskini og hugur hans uppfullur af kærleik. Um sjálfan sig var hann dulur, vildi lifa af

verkum sínum, ekki orðum. Enda liggja líka mörg handtökin eftir hann, t.d. smíðaði hann turninn á Mosfellskirkju. Hann smíðaði líka stangamél í hross, sveigði við og járn að vilja listahjónanna að Hulduhólum og mikið af þeim verkfærum og vélum sem hann notaði í smíðjunni smíðaði hann sjálfur. Steðjinn hlýddi á stuðla hans og rím og svo einn og einn góðvinur. Leifur var mikill vinur bóka og mjög fróður. Í hillum hans var ekki léttmetið heldur fræðibækur um hin ólíkustu efni. Það kom enginn að tómun kofanum hjá honum. Hann var heimspekingur og fagurkeri í floskirkju náttúrunnar. Síðustu árin fór Leifur að huga að heilsu- og líkamsrækt, gerðist sund- og göngugarpur. Það var þá sem nýliðar í bænum sáu til hans að leik í sundlauginni og kynntust honum.

Friðrik G. Olgeirsson
sagnfræðingur

Bjarki endurkjörinn formaður sögufélagsins

Frá vorferð sögufélagsins árið 2005 en þá var haldið út í Viðey.



Aðalfundur Sögufélags Kjalarnesþings var haldinn á Ásláki 4. maí síðastliðinn. Bjarki Bjarnason var endurkjörinn formaður félagsins en aðrir í stjórn eru Magnús Guðmundsson, Kristinn Magnússon, Guðjón Jensson og Gréta Aðalsteinsdóttir. Jón Sigurjónsson var gestur fundarins og

sýndi ljósmyndir sem hann tók í tengslum við ritun á sögu Mosfellsbæjar en Jón hefur komið sér upp viðamiklum myndabanka með mosfellskum myndum.

Hin árlega vorferð félagsins verður 11. júní. Lagt verður af stað með rútu frá Hlégarði kl. 10 árdegis og ekið í Seljadal ofan

við Hafravatn. Þar verða rústir Kamsbréttar og Nessels skoðaðar og síðan gengið í áttina að Bjarnarvatni og loks niður í Helgadal þangað sem rúta mun sækja göngufólkið. Allir eru velkomnir í vorferð sögufélagsins og nánari upplýsingar um hana er hægt að fá hjá Bjarka formanni.

Sumarnámskeið Mosfellsbæjar sumarið 2006 barna og unglinga

Reiðnámskeið!

Reiðskóli Berglindar.
Uppl. og skráning eftir kl. 16
í s: 8996972 eða 5666401

Listanámskeið!

Sumarnámskeið í Álafosskvos.
Uppl. og innritun
6956694 / 5668228 / 5668587.

Skólagarðar!

Uppl. á Bæjarskrifstofunum
5256700.

Leiklistarnámskeið!

Námskeið Leikfélag Mosfellsveitar verður
með svipuðu sniði í sumar og undanfarin ár.
Uppl. í síma: 5667788

Golfnámskeið!

Golfklúbbur Bakkakots
Verður með 4 námskeið í sumar.
Uppl. í 8990769 og
jon@draumagolf.is

Útilífsnámskeið!

Mosverja. Uppl. hjá Ævar 5666757

Vinnuskóli Mosfellsbæjar!

Uppl. hjá Atla í 5666058

Leikjanámskeið!

Íþrótt og tómstundaskóli
Mosfellsbæjar
verður með 3 námskeið í sumar.
1. 12.-30. júní
2. 3.-21. júlí
3. 8.-11. ág.
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni

Knattspyrnunámskeið!

Aftureldingar verður með 3 námskeið.
Uppl. og skráning í Íþróttamið-
stöðinni 5666754

Sundlaugin að Varmá

Opið í sumar:

Virka daga

06:30 - 22:00. Lengri opnun.

Helgar 09:00 – 18:00.

Fullt að nýjum leiktækjum komin fyrir börnin.

Kíkið við og slappið af í nýja pottinum.

Góð aðstaða til að fara í sólbað.

Golfnámskeið!

Golfklúbburinn Kjölur
með 3 námskeið. Uppl.
í 5667415

Sundnámskeið!

Kobba krókudíls og Urðar urtu.
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni 5666754

Frjálsíþróttanámskeið!

Frjálsíþróttadeild UMFA verður
með 2 námskeið í sumar. Uppl. hjá
Hlyn 6993456 eða
frjalsar@mi.is

Fimleikanámskeið!

Fimleikadeild UMFA
verður með 5 námskeið í sumar.
Uppl. hjá Önnu Margréti 5666280
annamargret@simnet.is

FRÍSTUND



Frístundastarf í Mosfellsbæ

2006-2007

FRÍSTUND - er komin í öll hús í Mosfellsbæ
-þar má finna nánari upplýsingar um samarstarf 2006



Afturelding og Hvíti Riddarinn áfram í Visa-bikarnum

Knattspyrnufélagin í bænum tóku bæði þátt Visa-bikarnum nú á dögnum. Meistaraflokkur Aftureldingar tóku á móti Ungmennafélagi Laugdæla á Tungubökkum og sigraði leikinn 4-2. Atli Heimisson skoraði þrjú mörk og Albert Ásvaldsson skoraði eitt. Hvíti Riddarinn sótti Víði í Garði heim og unnu leikinn sem var afar spennandi og endaði 3-4 eftir framlengingu. Markaskorarar Riddarans voru þeir Ásbjörn Jónsson og Guðjón Frímánn Þórunnarson en



Guðjón skoraði þrjú mörk í leiknum. Afturelding lék einnig sinn fyrsta leik á Íslandsmeistaramótinu í sumar þar sem þeir töpuðu fyrir Reyni í Sandgerði, 3-0 á útivelli. Fyrsti leikur Hvíta Riddarans á mótinu verður útileikur gegn Létti þann 23. maí.



Breytingar á skipulags- og þjálfaramálum í Knattspyrnudeild

Frá og með 16. maí 2006 hefur verið ákveðið að sameina starfsemi 2. flokks karla og meistaraflokks karla hjá Knattspyrnudeild Aftureldingar. Þessi breyting er gerð til að renna styrkari stoðum undir framtíðarsýn núverandi stjórnar Barna- og unglingaráðs karla og m.fl. karla, jafnframt því að gera starfsemi strax markvissari og öflugri. Vegna þessara breytinga hefur Jón A. Kristjánsson, þjálfari 2. flokks og 3. flokks karla tekið við sem aðstoðarþjálfari m.fl. karla. Jón mun halda áfram starfi sínu sem aðalþjálfari 2. flokks karla en láta af störfum sem þjálfari 3. flokks karla.

Við þjálfun 3. flokks karla tekur Bjarki Már Sverrisson sem þjálfar nokkra yngri flokka kvenna hjá félaginu.

Honum til aðstoðar verður Haukur Hilmarsson, aðalþjálfari 4. flokks karla. Þeir taka við þjálfun 3. flokks þegar í stað. Þessar breytingar voru kynntar á fjölmennum fundi þeirra er málið varðaði.

Um leið voru undirritaðir nýjir þjálfarasamningar við þá félag og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri. F.v. Bjarki Már Sverrisson, Haukur Hilmarsson, Jón Kristjánsson og Pétur Magnússon formaður Barna- og unglingaráðs Knattspyrnudeildar.

Eru Jóni þökkud góð störf í þágu 3. flokks og þeim félögum óskað góðs gengis í nýjum þjálfarastörfum hjá Aftureldingu.



Knattspyrnuskóli Aftureldingar og Jako



Námskeið 1: 12. júní – 23. júní.

Námskeið 2: 26. júní – 7. júlí.

Námskeið 3: 10. júlí – 21. júlí.

-Aukanámskeið-

HM-Námskeið: 24. júlí – 2. ágúst.

Tækninámsk.: 14. ágúst – 18 ágúst.



Hver iðkandi fær bæði bolta og bol þegar hann kemur á námskeiðið. Hvert námskeið er síðan gert upp með pizza-veislu frá Pizzabæ.

Verð

Eitt námskeið 5.000 kr

Tvö námskeið 8.000 kr

Þrjú námskeið 11.000 kr

HM-Námskeið: 4000 kr.

Tækninámskeið: 4000 kr

**“Frábært námskeið
fyrir hressa krakka”**

Upplýsingar gefa þjálfarar í síma 869-5683 Einar Óli Þorvarðarson eða 868-6306 Sigfús Heimisson.



Samstarfssamningar og vígsla nýrrar búningaaðstöðu

Mosfellsbær gerði samstarfssamninga við tómstunda- og íþróttafélög í bænum til þess að efla barna- og unglingastarf félaganna í bænum. Þá var einnig skrifað undir samninga á milli bæjarins og félaganna að aðild þeirra að styrktar og afrekssjóði Mosfellsbæjar. Á sama tíma var vígð ný félags- og búningaaðstaða á Tungubökkum. Nýja húsið er veglegt og kemur til með að nýttast vel fyrir knattspyrnuíðkenndur. Ragnheiður Ríkhardsdóttir, bæjarstjóri, afhenti lykllana og Sr. Jón Þorsteinsson blessaði húsnæðið og leiddi viðstadda í bæn. Afturelding kemur til með að halda utan um umsjón og rekstur svæðisins næstu tvö árin.



Karatedeild Aftureldingar



Karatedeild Aftureldingar stóð sig einstaklega vel á meistaramóti er haldið var í íþróttahúsinu að Varmá þann 8. apríl. Afturelding náði 1. sæti og við áttum marga fulltrúa á verðlaunapalli.

Óflugt barna- og unglingastarf er að skila sér en mikill uppgangur hefur verið hjá Karatedeildinni að undanfögnu og við erum komin með öflugan og góðan hóp barna sem hafa náð glæsilegum árangri. Æfingar eru að meðaltali þrisvar í viku. Starfandi eru barna-, unglinga- og fullorðinsflokkar. Deildin hefur tekið þátt í öllum stærri karatemótum sem haldin hafa verið á landinu. Þátttakendur hafa staðið sig með þrýði og margir

komist á verðlaunapall.

Karate er íþrótt sem hentar öllum aldurshópum, frábær líkamsrækt sem sameinar þol, styrk og liðleika.

Æfingar hefjast í byrjun september og eru fram í júnílok. Æft er á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsinu að Varmá. Allir sem hafa áhuga á að prófa eða kynna sér þessa frábæru íþrótt eru hvattir til að mæta, sama á hvaða aldri!

Peir sem hafa áhuga geta haft samband við stjórn Karatedeildar Aftureldingar. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Aftureldingar www.afturelding.is

Hvíti Riddarinn deildar-bikarmeistarar

Hvíti Riddarinn sigraði deildar-bikarkeppnina í C-riðli þann 7. maí síðastliðinn. Riddarinn lék til úrslita gegn KV á Ásvöllum og sigruðu leikinn 3-1. Baldur Fannar Andrésson skoraði tvö mörk fyrir Hvíta Riddarann og Guðjón Frímann Þórunnarson skoraði þriðja markið. Vegur Hvíta Riddarans hefur vaxið mikið síðustu ár og í fyrrasumar voru þeir mjög nálægt því að komast upp í 2. deild Íslandsmeistaramótsins. Framundan er 3. deildin í sumar og mun Mosfellingur kynna liðið og leiki þess í komandi blöðum.

Íbúð óskast til leigu

33 ára kona (viðskiptalögfræðingur) með tvær dætur óskar eftir 3-4ra herbergja íbúð, helst við Lágafellsskóla frá 1. ágúst n.k. Skilvísun greiðslum heitið. S:8452227/4372227.

Tungubakkar leigðir út í sumar

Afturelding hefur gert samning um notkun aðstöðunnar á Tungubökkum í sumar. Egils Gull utandeildin í knattspyrnu verður spiluð þar en utandeildin hefur áður verið spiluð á gervigrasvöllum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Á Tungubökkum verða fjórir vellir í fullri stærð aðgengilegir fyrir utandeildina og einnig hin nýja glæsilega búningaaðstaða. Það er því ljóst að Tungubakkarnir verða fullnýttir þessa leiktíðina.



Magnús sigraði Landsbankamótið

Opna Landsbankamótið í golfi fór fram á Garðavelli á Akranesi helgina 12-14. maí. Magnús Lárusson, kylfingur úr golfklúbbi Kjarlar, gerði sér lítið fyrir og sigraði mótið. Hann lék völlinn á 69 höggum eða þremur undir pari. Góð þátttaka var á mótinu en alls tóku rúmlega 150 manns þátt í því.



Einar Ingi farinn í Fram

Línumaðurinn Einar Ingi Hrafnsson hefur nú yfirgefið meistaraflokk Aftureldingar í handbolta og kemur til með að klæðast blárri treyju Fram á næstu tímabilum þar sem hann hefur samið við liðið til þriggja ára. Einar hefur verið einn sterkasti leikmaðurinn í herbúðum Aftureldingar í vetur. Hann var markahæstur á tímabilinu og skoraði 124 mörk í 26 leikjum. Hann hefur leikið allan sinn feril fyrir Aftureldingu og þykja þessi tíðindi vera mikil blóðtaka fyrir Aftureldingu.



Góður árangur á fyrsta móti

Kylfingurinn Heiðar Davíð Bragason hjá Kili, gerðist á dögnum atvinnumaður í golfi. Hans fyrsta mót sem atvinnumanns var um síðastliðna helgi. Mótið var haldið í Svíþjóð. Heiðar stóð sig ágætlega og endaði í 9.-12. sæti. Atvinnumannsferillinn byrjar vel hjá Heiðari og framundan eru mörg mót.

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. - Þverholti 2 - Kjarna
S. 566-7310 og 896-0131

Fax: 566-7241
namo@namo.is



Varmársamtökin stofnuð

Varmársamtökin, samtök íbúa ofan Vesturlandsvegar, voru stofnuð á fjölmennum fundi í Prúðvangi í Álafosskvos 8. maí. Samtökin hafa að markmiði að efla íbúalýðræði og stuðla að samvinnu umframtíðarmót- um Varmásvæðisins.

Á fundinum flutti Ásta Þorleifs- dóttir jarðfræðingur erindi um íbúalýðræði og Tryggvi Þórðarson vatnavistfræðingur ræddi um Varmá og álag á fallvötn í þéttbýli. Einnig voru kynntar hugmyndir um breyt- ingar á aðalskipulagi í tengslum við tengibrautir á svæðinu.

Innan skamms hefjast fram- kvæmdir við rætur Helgafells þar sem gert er ráð fyrir 3000 manna byggð. Samkvæmt núgildandi aðalskipu- lagi Mosfellsbæjar, - sem að hluta til byggir á yfir tuttugu ára gömlum skipulagsviðhorfum, - verður lögð tengibraut úr Helgafellslandi með- fram Varmánni ofan í Álafosskvos að Vesturlandsvegi og þaðan undir þjóðveginn inn í miðbæ Mosfells- bæjar. Ennfremur er gert ráð fyrir að umkringja byggðina meðfram fellun- um norðanmegin Varmár með um- ferðarmannvirkjum.

Þessar framkvæmdir munu hafa mikil áhrif á umhverfi og líf íbúanna í hverfunum í kringum Varmá og aðgengi bæjarbúa að ánni og hinum eftirsóttu útivistarsvæðum í og við Skammadal, Reykjavell og Helgafell.

Upphafsmenn samtakanna vilja stuðla að því að nútímaleg viðhorf í umhverfis- og skipulagsmálum verði látin ráða ferðinni í ört vaxandi bæjarfélagi og hvetjum við íbúa ein- dregið til að kynna sér aðalskipulag svæðisins og koma skoðunum sínum á framfæri innan samtakanna.

Nánari upplýsingar:
berglindb@yahoo.com



Motomos er nýtt íþróttafélag í Mosfellsbæ. Félagið er stofnað af áhugamönnum um motocross íþrótt- ina og er með það fyrir sjónir að berjast fyrir hagsmunum þeirra sem þessa íþrótt stunda. Mikil gróska er í motorcrossíþróttinni um þessar mundir og eru Mosfellingar engir eftirbátar þar. Í Mosfellsbæ er eign á torfærumótorhjólum gríðaleg og er líklega með því mesta sem gerist í bæjarfélögum, enda er þetta mjög fjölskylduvænt og skemmtilegt sport og einnig með því ódýrasta í röðum mótorsporta. Íþróttin sem slík hefur mikið forvarnargildi fyrir krakka sem hana stunda því hún er á skrá yfir erf- iðustu íþróttagreinar í heimi og þeir sem hana stunda vita að það þýðir ekkert annað en að vera í góðu formi ætli menn að ná árangri, einnig læra krakkar að sjá um hjólin sín t.d. að smyrja, skipta um loftsúu og viðhalda hjólinu sem veitir ábyrgðartilfinningu fyrir þá minnstu. Einnig ætlar félagið að standa fyrir námskeiðum og er einn af okkar bestu öðumönnum, Valdimar Þórðarson #270, búinn að ákveða að halda byrjendanámskeið fyrir unga sem aldna og alla þar á milli seinna í sumar og verður það auglýst á internet.is/motomos. Í Mosfellsbæ er mikil vöntun á svæði



Nýlega var samþykkt af bæjarstjóra að finna æfingarsvæði fyrir MotoMos.

fyrir braut sem iðkendur geta notað. Motomos er það mikilvægast að fá svæði til uppbyggingar á motocross- braut og þyrfti það svæði að vera þannig að jarðvegurinn hleypi vatni í gegnum sig svo nota megi það mest allt árið. Ekki þarf það þó að vera svo stórt eða sem nemur ca. tveimur

fótboltavöllum. Félagið vill vinna að því í samstarfi við lögreglu og stjórn bæjarins að koma akstri motocross hjóla af götum og þeim svæðum sem engin leyfi hafa fengist fyrir og inn á svæði þar sem íþróttina má stunda og koma upp framtíðar öðumönnum og topp íþróttafólki.

Nú er hægt að skrá sig í félagið inn á heimasíðu okkar: www.internet.is/motomos og hvetjum við alla áhuga- sama mótorhjólamenn og konur að kynna sér málið.

Kveðja,
Fyrir hönd MotoMos,
Þórir Guðmundsson

Í Toppformi í allt sumar

Skokk-og gönguhópur - verið með í sumar :))
mánudaga og miðvikudaga kl. 17:30 - 18:30
Upphitun, skokk/ganga, styrktaræfingar
og teygjur. *Mánaðargjald 1.000 kr*
Elías, Halla Karen og Sesselja

Hefst mánudaginn 22. maí
Skráning í síma 566 7888 eða í afgreiðslu Toppforms

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNIN AÐ VARMÁ S: 566-7888
TOPPFORM@MMEDIA.IS WWW.ITOPPFORMI.IS



SUMARTILBOÐ
ÞRÍR MÁNUÐIR
Á 9.900 KR.

Í Toppformi
halla karen



Aftureldingu gefinn 10 milljóna minningarsjóður

Nýverið var Ungmennafélaginu Aftureldingu færð vegleg gjöf. Um er að ræða minningarsjóð Guðfinnu Júlíusdóttur og móður hennar, Ágústínu Jónsdóttur, eins stofnanda Aftureldingar. Ágústína var gerð að heiðursfélaga á 45 ára afmæli félagsins þann 11. apríl 1954. Guðfinna, dóttir hennar, hafði sérstakt dálæti á börnunum enda hændust þau að henni. Ekki eignaðist hún þó börn sjálf. Guðfinna lést síðastliðið sumar en það var hennar vilji að eigur hennar yrðu að gagni fyrir ungu kynslóðina til að styrkja þau til íþróttaiðkunar. Þar sem móðir hennar var einn af stofnendum Aftureldingar fannst henni tilvalið að láta félagið njóta þess. Minningarsjóðurinn er rúmlega 10 milljónir

króna en samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins eru tekjur sjóðsins vextir af stofnfénu og skal þeim m.a. varið til að styrkja efnaminni iðkendur til þátttöku í íþróttum. Höfðustóllinn mun standa óhreyfður.

Það voru bróðursynir Guðfinnu, þeir Sigurður Svavarsson, Sigurður Guðjónsson og Bjarni B. Bjarnason sem, fyrir hönd fjölskyldu Guðfinnu, afhentu þessa veglegu gjöf í kaffisamsæti sem aðalstjórn Aftureldingar hélt af þessu tilefni. Elísabet Guðmundsdóttir, formaður Aftureldingar tók við gjöfinni fyrir hönd félagsins og færði hún fjölskyldunni bestu þakkar frá félaginu fyrir þessa rausnarlegu gjöf.

Skólagarðar Mosfellsbæjar

Skólagarðar Mosfellsbæjar eru fyrir alla krakka á aldrinum 7-12 ára. Innritun verður til 31 maí í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Þátttökugjald er 2500 kr fyrir garðinn sem greiðist við skráningu og er mikilvægt að allir sem ætla að vera með skrái sig sem fyrst. Börnin fá útsæði, fræ, plöntur og leiðsögn. Eftir að börnin hafa sett niður plönturnar verður ýmislegt á dagskrá, t.d farið í sund, leiki, grillað og fleira.



Mæting í skólagarðanna er mánudaginn 12. júní kl. 8:00, þá verður gördum úthlutað.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 566-6058 eða hægt að senda fyrirspurn á netfangið bolid@mos.is

Fló og fjör í risatjaldi að Varmá 27. maí 2006



Sendibill mun sækja flóamarkaðs muni í heimahús og skutla á markaðinn

Dagskrá

- | | |
|-----------------|---|
| Kl 10:00-12:00 | Tekið á móti varningi frá bæjarbúum |
| Kl 10:00-13:00 | Æfingabúðir 5. flokks á Varmárvelli |
| Kl 13:00 | Skólakórar Varmár opnar hátíðina |
| Kl 13:00 | Flóamarkaður hefst hér er klinkið í fullu gildi |
| Kl 14:00 | Fitness fjör hefst. skráning á staðnum |
| Kl 14:30 | Hundasýning. Útskriftarhópur frá Gallery Voff |
| Kl 15:00 | Keppni í þrautum. Skráning á staðnum |
| Kl 16:00 | Prúttverslun í hámarki |
| Kl 17:00 | Markaði lýkur |
|
 | |
| Kl 19:00-21:00 | Unglingadansleikur fyrir 5. flokk og eldri, f. 1995 og fyrr |
|
 | |
| Kl 23:30-03:00 | Stórdansleikur: Miðinn gildir sem happadrættismiði. Dúettinn hljómur og hljómsveitin 66 sameina krafta sína |

Að auki verður á staðnum:

Kaffihús verður opið í tjaldinu
Ásgarður verður með vörur til sýnis og sölu
Ratleikur fyrir yngri börnin
Kettlingar gefins

Hestar verða á staðnum, börnum boðið á bak.

Bretta krakkar hvattir til að koma og sýna snilli sína á brettapallinum

Á ballinu verður heildar lopapeysu stemming, kjötsúpa á boðstólum og allt eins og best verður á kosið

Kynningu á hátíðinni annast: Baldur stuðningsmaður og Lalli ljóshraði

Fjöldi góðra gesta sækir hátíðina heims eins og endra nær



Landsliðs treyja árituð af Eiði Smára verður í happadrættisvinning á ballinu

Óvissuferð



Þann 10 maí síðastliðinn var haldið í óvissuferð með tíundu bekkungum Varmárskóla og Lágafellsskóla en tilefnið var lok samræmdu prófanna. Fjórðið byrjaði með grilli í Bólinu um 1400 þar sem prófpreyttir tíundubekkingar gúffuðu í sig vel grillaðar pylsur a la grillmeistarar Bólsins. Síðan var haldið á vit óvissunar upp úr 1500 þar sem lýðurinn var að tryllast úr spenningi. Skipt var niður í rútur og gefið allt í botn og stefnan tekin beint í Reykjanesbæ þar sem þeyst var um á go-cart bílum og voru ungmennin ekki að hata það. Undirrituð er ekki frá því að sumir hafi haldið að Michael Schumacher væri pabbi þeirra. Þar næst var haldið í eina af mestu náttúruperlum Íslands....já Bláa Lónið eða The blue lagoon eins og Dave Grohl kallar það. Þar var gott að láta



þreytuna líða úr kroppinn og fyrir þá sem hræðast dauðar húðflygsur og tásveppi eyddu tímanum í kaffiteriunni og skemmtu gestum og gangandi. Þegar búið var að þrifa af sér kísilinn og hormónasvitann var komið að enn einum endanum í pylsunni..... Haldið var til Grindavíkur þar sem glóðvolgar Pizzur biðu okkar í tugatali á Mamma Mía.... Pizzabæ Grindavíkinga. Þar næst var dregið í happdrætti þar sem Davíð Antonsson datt í lukkupottinn. Eftir það var síðan haldið heim á leið þar sem mannskapurinn var þreyttur en sáttur með frábæran dag....Þetta var alveg súber og voru unglingarnir okkar til sóma og mun nú söngur þeirra óma.

TAKK FYRIR MIG

Ingibjörg starfsmaður Bólsins



Hver segir að það sé ekki hægt að kaupa atkvæði?

Nú þegar kosningar eru rétt handan við hornið eykst barátta flokkanna um atkvæði bæjarbúa með hverri mínútu sem líður. Slææ ákvað því að kynna sér starf flokkanna til að vera viss að atkvæði hans sé ekki sóað. Slææ fékk því til liðs við sig pólitíska samfélagsrýnirinn og reynsluboltann Magnús Haraldsson eða Magga Grín úr Leiðindunum eins og hann var þekktur á síðum blaðanna... Við tókum hringinn á kosningaskrifstofunum til að gefa þeim einkunn og sópa að okkur eins mikið af friu dóti og mögulegt var. Því það þarf oft ekki meira en uppblásna blöðru eða frían ölsopa til þess að tryggja atkvæði kjósenda. Við komust að því að skrifstofurnar voru misgóðar, en þær höfðu líka mismunandi kosti...



Það var bongóblíða og ferðin hófst hjá Vinstri Grænum




Slææ og Magga komu sér beint að efninu "Góðan daginn við erum blaðamenn..." Þessi setning virtist alltaf vekja tvísýn viðbrögð



Þótt að aðstaðan hafi minnt á karftöflukofa þá var hlýlegt andrúmsloft og Magga vildi helst ekkert fara



Næsta stopp var á kosningaskrifstofu Sjálfstæðismanna. Við óðum af sjálfsgöðu beint í bakkelsið eins og vanir menn



Magga leist ekkert á körfuna, Slææ tók í sama streng og vildi sjá meiri fjölbreytni



Sjallarnir kvaddir. Að hætti okkar félaga



Við stigum svo á stökk. Með frambjóðendum Framsóknar



Á kosningaskrifstofunni. Var andrúmsloftið frekar tæpt í fyrstu



En ekki lengi eftir að við komumst í Andrésblöðin



Svalandi Framsóknarvatn er góður kostur fyrir þyrsta kjósendur



Vúúúúúúúúú. Bara hörkustemming

Við ætluðum að fá okkur hressingu í ÁTVR en duttum þá inn á kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar

Eftir þessar för okkar komust við að því að Framsóknarflokkurinn hefur bestu aðstöðuna hér í bæ. Besta rýmið og fjölbreyttustu glaðningana...ég meina hver gefur ekki upp atkvæði sitt fyrir Framsóknarvatn? Vinstri Grænir fá þó prik fyrir langfallegasta barmmerkið. Við félagarnir lögðumst svo í grasið, böðuðum okkur í feng ferðarinnar og skugga stærsta skipulagsslyss Íslands.



Þá var ferðinni lokið og við höldum upplýstir út í sumarblöðuna

Táningafræðarinn!!!

Eurovision nation

Ef þú ert að lesa þennan pistil eftir mig kærri mosfellingur, hefur mér tekist hið óhugusanlega. Ég lifði prófatímabilið af! Vil byrja á því að óska mér til hamingju og ykkur öllum sem standið í mínum sporum.

Þá er það næsta mál á dagskrá! Eurovision. Þetta er hefð sem

íslendingar halda furðulega sterkt í miða við önnur lönd og þá staðreynd að við höfum ALDREI unnið! En það stoppar okkur ekki í gleðinni. Taka má skemmtilegt dæmi um það þegar Selma komst ekki inn í keppnina í fyrra, að sökum hobbítabúninga og let's face it, afsþyrnu lélegt lag. (Allavega hef ég ekki heyrt það eftir þetta flaskó). Þá voru við nú ekki lengi að finna okkur staðgengil og átti norksa glysbandið hjarta okkar allra, og mátti heyra lagið þeirra sungið hástöfum í miðborginni.

Það er nú óhætt að segja að við höfum sent frá okkur listasníllinga úr allri flórunni. Þá er ég að tala um leðurhomman okkar sem söng lagið sem ég idolizaði á



Kara

óguðlegum aldri. Litlu dúlluna okkar sem kastaði tveimur litlum blómum á 700 m2 sviði. Viðrinuð sem ákvað að skífa lagið sitt Sjúbbddíu. Kyntáknið okkar sem náði að halda sér í bolnum. Töffarann okkar sem tókst ekki að halda sér í buxunum og ákvað því að mæta í pilsu.

En ekkert þeirra hafa komist með tærnar þar sem okkar Sylvía Night er með hælana.

Nú er ég að koma mér í stellingar með byssurnar mínar, orðin mín, á lofti. Er þetta ekki búíð að ganga full langt? Þegar hún kom fyrst fram á sjónarsvið náði ég nákvæmlega hvað það var sem hún var að gera grín af. Þar af leiðandi var hún strax í miklu uppáhaldi.

En þegar hún fór að ganga í öfgar var mér ekki lengur skemmt. Og það versta við þetta allt saman er það að litlu krakkarnir halda að þetta sé að vera kúl. Greyin hafa ekki klú að það er ég sem er kúl! ;) Þá sérstaklega brá mér á öskudaginn þegar ég sá þínu litlar stelpur dressaðar upp sem hórur (aka Sylvía Nótt)! Það blæddi bókstaflega úr augnum á mér! Og Guð minn góður ef þetta er fyrirmyndin hvað ég á eftir að hlaupa í skjól þegar ég sé tánina eftir nokkur ár.

Já ég held það sé deginum ljósara að hún Sylvía Night sé með þetta hate her og love her einkenni. Augljóslega flokkast ég undir fyrri flokkinn. Spurning hvort að ég eigi eftir að láta hinum 1/8 dana í mér vakna til lífs þetta árið í Eurovision-partyinu. ;)

Endurfundir 67 árgangsins



Pann 6. maí hittust gamlir nemendur úr Gaggó Mos og er óhætt að segja að almenn gleði og hamingja hafi ríkt á meðal manna og kvenna. Hópurinn hittist fyrst í gagnfræðaskólanum og hittu fyrrum kennara sína þær Helgu Richter og Ragnheiði Ríkharðsdóttur. Ragnheiður tók liðið í smá málfræðiupprifjun og hefur örugglega verið ánægð með sinn hóp. Enda datt ekki nokkrum manni í

hug að læra ekki lexíuna sína þar sem Ragnheiður var annarsvegjar.

Síðan var ekið um bæinn í rútu og skáð fyrir helstu stöðum. Ferðin endaði síðan á Laxnesi þar sem Elli Níelsar, Siggi Andrésar og Viktor Björn stjórnuðu ratleik og hefðbundinni skemmtun frameftir nóttu. Algerlega ógleymanlegt kvöld. Eins og sjá má á myndunum skemmti fólk sér mjög vel.

TVÍFARAR



Gummi á Draumakaffi og Stefán Ómar

TVÍFARAR

PIZZA PIZZA TILBOÐ

Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra **frítt** með



Gildir ekki með öðrum tilboðum, greitt fyrir dýrari pizzuna.

ÓSKUM EFTIR AÐ
RÁÐA HRESST
STARFSFÓLK
Í ÚTKEYRSLU OG
AFGREIÐSLUSTÖRF
17 ÁRA OG ELDRI

Spurning til bæjarbúa

Hvað á að gera í sumarfríinu?

Anna Kristín



Liggja í leti og fara til útlanda

Daníel



Vinna og æfa mig í mótorkrossi.

Helga Lilja



Vinna og skreppa svo í sveitina til ömmu og afa.

Pálmi



Vinna og ferðast innanlands, kannski fara til útlanda.

Þórey



Tvær vikur í Borgarfirði, tvær vikur á Tenerife.

Gulli



Hugsa að konan mín gefi mér ekkert sumarfrí, ætli ég afgreiði ekki bara ís.

HVERJUR VILJAST HVAR



Kung Fu Joe og Karate Kid



Falleg bros úr dalnum



Sjúddíraríreiii



Stuð í Garðinum



Hressir félagarnir



Frammarinn og Mundi kaldi



Þröngt mega sáttir sitja



Doktorinn með tvær í taki



Sætar á Papaballi



Siggí Sveins og strákarnir



Heitt í kringum Varmadalinn



Gaman saman



Honký tonk og hnykkurinn



Makkerinn og frú í fjöri



Pósturinn



Hörku hlöðupartí hjá '67



Bæjarins bestu



Kínakallinn



Díses!!



Tveir að hlaða batterín




Ég sé um hestinn.....



FOXXÍ !!!



Komdu aftur til mín Dísa...



Sterkur og stór



Flísín og kjötið



Hláturinn lengir lífið



Allir dansa kónga



...þú sérð um hnakkinn

**ALLI RÚTS
SEXTUGUR**



ALLI RÚTS Á ÁSLÁKI

FÉKK FORNBÍLA-

KLÚBBINN Í HEIMSÓKN

Endilega sendið okkur myndir - mosfellingur@mosfellingur.is

EUROVISION partý 20. MAÍ



TIL HAMINGJU ÍSLAND

PIZZA TILBOÐ

9" pizza með 2 áleggstegundum
og súperdós af kók = 990 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum
og súperdós af kók = 1199 kr.

16" með 3 áleggstegundum = 1699 kr.

Aukaálegg

9" = 100 kr. / 12" = 150 kr. / 16" = 200 kr.



TILBOÐ Á BARNUM



Sími 586 8040

Við höfum þekkt Karl Tómasson í áraraðir

Hann er lífsglaður, einlægur og litríkur persónuleiki sem lætur verkin tala. Karl er ákaflega samvinnuþýður og ljúfur í allri umgengni og á sérlega gott með að hrífa fólk með sér.

Allsstaðar þar sem hann hefur lagt hönd á plóg í sinni heimabyggð hefur hann sýnt hugmyndaauðgi og ótvíræða skipulagshæfileika, til dæmis í íþróttastarfi, blaðaútgáfu og síðast en ekki síst í tónlistargeiranum.

Ásgerður Pálsdóttir, starfsmaður í íþróttahúsinu að Varmá.

Bjarki Már Sverrisson, knattspyrnuþjálfari.

Birgir Haraldsson, tónlistarmaður og samstarfsfélagi í áratugi.

Birgir D. Sveinsson, fyrrverandi skólastjóri og kennari.

Guðrún Sigursteinsdóttir, sérkennslustjóri og fyrrverandi leikskólastjóri.

Halldór Lárusson, íþróttamaður Mosfellsbæjar.

Hanna Símonardóttir, formaður foreldrafélagsins Þruma og eldinga.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellinga og samstarfsfélagi í áraraðir.

Hrefna Vestmann, hárgreiðslukona.

Höskuldur Þráinsson, prófesor við Háskóla Íslands.

Jón Davíð Ragnarsson, rafvirki.

Sigurður Þórólfsson, gullsmiður og fyrrverandi bæjarlistamaður.

Sigurjón Eiríksson, rafvirki.

Svanþór Einarsson, eigandi Pizzabæjar.

Sigurgeir Sigmundsson, tónlistarmaður og samstarfsfélagi í áratugi.

Þóra Sigurþórsdóttir, leirlistakona.



Hestamenn á harðaspretti



Tóti í
Dalsgarði
gerir allt
klárt.

Þann 1. maí gerðu hestamenn sér
glaðan dag. Firmakeppni var haldin,
Fáksmenn komu í heimsókn og hin
vinsæla Leirugleði fór fram.



Firmakeppni Harðar, Játvarður hampar
bikar fyrir fyrsta sæti í flokki atvinnumanna.



Félagarnir Síggi Straumfjörð og
Játi eftir vel lukkað firmamót.



Síggi Straumfjörð í góðum
félagsskap með ungfrú heimi.

Ljósm. H. Stef



Grundartangi.

Nýtt í sölu

Vel staðsett 76 fm. endaraðhús við
Grundartanga í Mosfellsbæ. Parket og flisar
á gólfum. Tvö rúmgóð svefnherbergi.
Geymsluloft yfir íbúð. Útgegng í góðan garð.
6 fm. gróðurhús í garði. Rölegt og fallegt
hverfi. Laus fljótlega. **V. 19,8 m.**



Bergholt

Mjög vandað 184 fm. einbýli við eina
fallegustu götu Mosfellsbæjar. 4 svefnherbergi.
2 baðherbergi/snyrtingar. Björt stofa með arni.
Stór bílskúr með geymslu inn af. Fallegur
garður. Gróður hverfi. Nýtt K gler í öllum
gluggum og nýr þakkanur.



Byggðarholt

Nýtt í sölu

Mjög vel staðsett 176,2 fm. raðhús á einni
hæð í Mosfellsbæ. Þrjú góð svefnherbergi
með möguleika á 4. Innangengt í bílskúr.
Fallegur bakgarður. Hellulagt bílapan. Tvær
snyrtingar. Baðherbergi flisalagt í hólf og gólf.
Laust við kaupsamning. **V. 35,7 m.**



Fellsás

Nýtt í sölu

Mjög glæsilegt 286 fm. einbýli á þremur
pöllum. Tvíbreiður bílskúr með geymslulofti.
5 herbergi. Arin í stofu og stórkostlegt útsýni
til Esjunnar og snæfellsjökuls. Lóðin er 1600
fm. Með trjám og runnum. Þetta er einstaklega
smekklegt og vel hannað hús. Eign fyrir
vandláta. **V. 55 m.**



BERG
FASTEIGNASALA

Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Prastarhöfði

Nýtt í sölu 130 fm. lúxusbúð á 2. hæð í gl'nýju
fjölbýli í Mosfellsbænum. 4 svefnherbergi. mjög
vandaðar innréttingar. Parket á gólfum. Vönduð
eldhúsinrétting og vönduð eldhústæki frá
AEG. Þvottahús innan íbúðar. Húsið er klætt
að utan með flisum og harðviði. Þetta er topp
eign í vinsælu hverfi. Eignin getur losnað
fljótlega. **V. 33,5 m.**



Blikahöfði

Nýkominn í sölu afar glæsileg 121 fm. endaíbúð
á 2. hæð við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Vandaðar
innréttingar. Merbau parket. Glæsilegt eldhús
með vönduðum innréttingum. Útbyggður gluggi
úr eldhúsi. Útgegngt á stórar svalir ur stofu sem
snúa í suð-vestur. 4 góð svefnherbergi.
Þvottahús inn af baðherbergi. Topp eign á
vinsælum asya. **V. 26,9 m.**



Súluhöfði

Glæsileg 121 fm. neðri sérhæð með fallegum
innréttingum við Súluhöfða í Mosfellsbæ.
Náttúruflisar og eikarparket á gólfum. Glæsilegt
flisalagt baðherbergi með hornbaðkari. 3 rúmgóð
svefnherbergi. Útgegngt úr eldhúsi á sólpall með
frábæru útsýni til vesturs. Laus fljótlega.
V. 30,5 m.